Niðurjöfnun útsvara 1901-1907

Aðfnr. 1284 1/2, örk 4

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefndarskjöl

haustið 1904.

og

um árið 1905.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

Njr. 10/1 1905.

Með þessu bréfi skal yður, herra bæjarfógeti, skýrt frá störfum niðurjöfnunarnefndarinnar við álagning aukaútsvara til bæjarþarfa um árið 1905.

Nefndin lauk störfum sínum á lögboðnum tíma og var síðan í fyrsta sinn prentuð í heilu líki, svo að hver gjaldandi hefir átt ótakmarkað tækifæri á að sjá hana, og þar á ofan hefir hún legið frammi í bæjarþingsstofunni um lögmælt skeið. Kærur bárust nefndinni frá 30 mönnum alls og var 1 fundur haldinn 3. p. m. til að ræða þær og úrskurða. Var þá þessi breyting gerð á skránni:

I. Nýir gjaldendur teknir á skrá:

1. Árni Árnason, söðlasm., Ketilsskála kr. 12,00
2. Halldór Sigurðsson, úrsmiður . . – 15,00
3. Jón Sigurðsson, bæjarfógetaskrifari – 8,00
4. Kristján Jónasson, Laugavegi 66 – 12,00

II. Þessir fengu hækkun á gjaldi:

1. Haraldur Sigurðsson, kaupm. um kr. 10,00
3. Jón Þorláksson verkfræðingur – 80,00
2. Jóhannes Sveinsson, Bakkastíg 3 – 6,00

III. Þessir fengu lækkun á gjaldi:

1. Árni Hallgrímsson, Hverfisgötu 40 um kr. 4,00
2. Claessen, Eggert, cand. jur. – 20,00
3. Claessen, V. gjaldkeri – 15,00
4. Guðjón S. Jónsson, Vesturgötu – 8,00
5. Helgi Höskuldsson, Klapparstíg 7 – 4,00
6. Hólmfríður Gísladóttir, forstöðukona – 7,00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. Jón Jónsson, Lindargötu 9. um kr. 4,00
8. Jón Markússon, Skála - 4,00
9. Jón Ólafsson, ritstjóri - 10,00
10. Karólína Þorkelsson, frú - 4,00
11. Magnús Magnússon, Ofanleiti - 5,00
12. Ólafur Davíðsson, bankaskrifari - 40,00
13. Sveinn Jónsson, Klapparstíg 14 - 4,00
14. Sæmundur Bjarnhéðinsson, læknir - 20,00
15. Sölvi Víglundarson, skipstjóri - 5,00
16. Teitur Erlendsson, Bergstaðastr. 48 - 6,00
17. Þórhallur Bjarnason, lektor - 30,00
18 Þorkell Sveinsson, trésmiður - 4,00
19. Þorsteinn Guðmundsson, Bergst.str. 48 - 2,00
20. Þorvaldur Ólafsson, frá Eiði - 2,00

IV. Þessir voru leystir undan öllu gjaldi:
Sigurbjartur Hróbjartsson kr 14,00
Sigurður Ólafsson, frá Butru - 16,00

V. Þessir hafa kært, en enga áheyrn fengið:

Einar Björnsson, Rauðagerði.
Guðm. Jónsson, Aðalstræti 18.
Hafliði Bjarnason, prentari.
Schou, Emil, bankastjóri
Tryggvi Árnason, trésmiður
Þorgrímur Jónsson, stýrimaður.

Því næst endursendum vér yður, samkvæmt fyrirmælum yðar, öll þau skjöl, er voru með bréfum yðar 24. júní, 29. okt. og 10. nóv. f. á.

Reikning yfir kostnað af niðurjöfnuninni látum vér verða þessu bréfi samfara.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

O. F. DAVIÐSSON.

Reykjavík 3. desbr. 1904

Meðt. 3/12.

Lækkað um 40 kr.

Á niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur kaupstaðar hefi eg séð, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefir lagt á mig aukaútsvar fyrir árið 1905 130 kr. Í sumar sem leið voru lagðar á mig 75 kr. Þessa árhækkun, sem eg hefði ekkert átt von á, og hugaði eg fyrst sprottna af því, að eg væri ekki eins útsvarið fyrir, en konsúlsstarfinu var umliðinn. Eg skil ekki í öðru en að það sé algjörlegum ókunnugleik nefndinnar á efnum mínum og ástæðum að kenna, að hún gerir mér svo hátt útsvar, og ætla eg því í stuttu máli að gefa henni upplýsingar þar um.

Eins og nefndinni er kunnugt, hefi eg starfað við landsbankann, sem launaður er með 3500 kr. á ári. Aukatekjur hefi eg engar, því tími minn er svo bundinn við starf mitt við bankann, að eg geti ekkert annað starf haft á hendi, þó það byðist. Eignir á eg engar nema húsbúnað og varla að eg eigi hann skuldlaust. Eg hefi fram að færa 5 börn öll ung og 2 gamalmenni, tengdaforeldra mína, sem eru um og yfir sjötugt og mega teljast ómagar. Eg þarf að halda 2 vinnukonur og gjalda um 500 kr. í húsaleigu á ári fyrir utan að gjalda til allra stétta, og er það fremur tilfinnanleg skerðing á laununum, þegar ekkert annað er við að styðjast.

Eg er því viss um, að ókunnugleiki hér á bænum valdi til þess, að eg geti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

borið útsvar mitt saman við útsvör margra gjaldenda, þó það sé grunur minn, að margir séu til, ef eg væri vel kunnugur. Eg ætla því aðeins að taka af handahófi tvo gjaldendur, annan af embættismönnum, en hinn af hinum stærri handiðnamönnum og atvinnurekendum bæjarins.

Jón Jensson yfirdómari hefir eins og eg 130 kr. útsvar. Hann hefir í laun sem yfirdómari 4000 kr. Hvort hann hefir nokkra aukaatvinnu veit eg ekki, því eg ætli, að embætti hans mundi leifa honum tíma til þess, ef hann vildi. Hann á eftir því, sem eg veit best 3 börn og hefir enga aðra ómaga fram að færa. Um efnahag hans er mér auðvitað ekki kunnugt, nema eg veit það, að hann á sjálfur hús með stórri lóð við og þarf því að minnsta kosti ekki að borga húsaleigu eins og eg; gerir það eitt það að verkum, að tekjur hans eru í raun réttri 1000 kr. hærri, en mínar, en ómagafjöldi hans ekki nema tæpur helmingur. Eg fæ ekki betur séð, en að þegar þetta tvennt er athugað, þá eigi útsvar mitt ekki að vera meira, en helmingur í mesta lagi á móti hans útsvari, sem eg efast ekki um, að sé miðað nákvæmlega við efni hans og ástæður, er nefndin hlýtur að vera gagnkunnugt um.

Hinn samanburðarmaðurinn er Magnús Blöndal trésmiður, sem nefndin hefir lagt á 35 kr. útsvar. Þessi maður er, eins og allir vita einn af stærstu atvinnurekendum hér í bænum. Hann hefir stöðuga atvinnu sem yfirsmiður við húsabyggingar og heldur ávallt marga verkamenn, sem hann tekur kaup fyrir, en það vita allir, að á því græða smiðir mest. Hann er þarutan hluthafi- og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vel einn af þeim stærstu – í hlutafélaginu „Völundi", sem rekur stærsta verslun með trjávið og annað byggingarefni hér í bæ; og þar-utan er hann stjórnandi félagsins og hlýtur því að hafa af því góðan tekjuauka. Eg ætla auðvitað eigi að treysta mér til, að meta tekjur hans nákvæmlega, en eg þykist ekki taka djúpt í árinni þó eg haldi því fram, að þær hljóti að vera að minnsta kosti eins miklar og mínar, líklega þó miklu meiri. Þessi maður hefir eftir því sem eg veit, bezt 3 börn fram að færa. Efni hans þekki eg náttúrlega ekki, nema hvað eg hef heyrt, að hann nýlega hafi keypt hús fyrir 10 000 kr. Eg vona því, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd sjái, að útsvar hans er alt of lágt sett og að það má als ekki vera lægra, en mitt, ef sanngirni, en ekki handahóf á að ráða.

Samkvæmt framanrituðu vænti eg því að krefjast þess, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd færi útsvar mitt úr 130 kr. niður í 65 kr. og í öðru lagi að hún færi útsvar Magnúsar trésmiðs Blöndals svo upp, að það að minnsta kosti verði jafn hátt mínu útsvari. Óski nefndin nákvæmari upplýsinga um hag minn, þá er eg reiðubúinn til að láta þær í té þegar krafist verður

Virðingarfylst

Þ. Daníelsson

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

Til
bankaskrifara Ólafs Davíðssonar.

Hjn. 5/1 1905.

Þér hafið með bréfi, dags. 3. f.m., kært útsvar það ~~til bæjarþarfa~~, er niðurjöfnunarnefndin hafði gert yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1905, 130 kr., og mælist þér til, að gjaldið verði lækkað að mun samkvæmt þeim skýrslum um hagi yðar, er þér látið uppi í nefndu bréfi.

Nefndinni var fullkunnugt um tekjur yðar af bankastarfinu, en þar á móti hugði hún, að efni yðar að öðru leyti væri meiri og ómegð eigi alveg svo mikil, sem þér skýrið frá, og tekur nefndin þær skýrslur að öllu trúverðar, enda þótt hún geti naumast talið tengdaforeldra yðar fullkomna ómaga enn sem komið er. En með tilliti til ástæðna yðar yfir leitt hefir nefndin úrskurðað, að lækka útsvar yðar um 40 kr., úr 130 kr. í 90 kr.

Um þá menn, er þér berið yður saman við, er það að segja, að þér gerið eflaust hag þeirra allt of glæsilegan. Jón Jensson er alls eigi efnaður maður, þótt hann eigi hús það, er hann býr í, enda hvíla á þeirri eign miklar skuldir, svo að hann geldur í raun og veru eflaust háa húsleigu, engu síður en þér. Magnús Blöndal kom hingað fyrir fám árum alveg félaus, en hefir reynst hér atorkusamur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hagsýnn og ~~t~~ stendur hagur hans nú
með blóma, svo að hann gæti eflaust
borið hærra gjald, en á hann var lagt.
Nú er hann fjarverandi, svo að
nefndin getur að <u>þessu sinni</u> eigi
tekið kröfu yðar til greina um
hækkun á útsvari hans.

Þessi úrslit birti eg yður að
undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

Modt. 7/12.

Reykjavik, den 1 December 1904.

Ekki sint

Undertegnede, der af det höjtærede Ligningskommission er ansat til en Kommuneskat til Reykjavik Kommune for Aaret 1905 stor Kr 500, har bragt i Erfaring, at dette Belöb af den höjtærede Ligningskommission er fastsat under den Forudsætning, at min Gage som Direktör for Islands Bank vilde stige med 500 Kr for Aaret 1905. Jeg tillader mig i den Anledning at oplyse, at min Gage for 1905 er aldeles uforandret, da den mig lovede Forhöjelse i min Gage först træder i Kraft efter Udlöbet af Bankens förste Regnskabs-aar og dette slutter först 31 Decbr 1905. Iövrigt tillader jeg mig ærbödigst at henvise til de mundtlige Oplys-ninger, jeg under min Samtale med Ligningskommissio-nens höjtærede Formand havde Æren at fremföre og forventer, at min Skatteansættelse for Aaret 1905 efter disse og det foran anförte bliver nedsat.

Med Höjagtelse

Emil Schou

adm. Direktör for Islands Bank.

Til

Ligningskommissionen for Reykjavik Köbstad

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

Hr. bankastjóri E. Schou.

Rvík. 5/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 1. þ. m., borið yður upp undan útsvari því, 500 kr., er niðurjöfnunarnefndin hafði ákveðið, að þér skylduð greiða til bæjarþarfa árið 1905, ~~og~~ var bréf yðar lagt fyrir nefndina til úrskurðar á fundi hennar 3. þ. m.

Meiri hluti nefndarinnar var á þeirri skoðun, að útsvar yðar, ~~væri ekki of hátt, eftir~~ sem ~~það~~ hefði ~~upphaflega~~ verið miðað við tekjur yðar og aðrar ástæður, er ýmsum nefndarmönnum voru ~~báði~~ ~~of~~ kunnar af bréfum yðar og samtali við yður um þetta efni áður, væri ekki of hátt, jafnvel þótt ~~[illegible]~~ þér fáið eigi á þessu ári þá 500 kr. launahækkun, er þér eigið vísa framvegis og úrskurðaði nefndin því, að útsvar yðar, 500 kr., skyldi standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 10/12. Lækkað um 4 kr. 3

Hjer með vil eg virðingarfyllst Leyfa
mjer að kvarta við þá Heyðruðu
Niðurjöfnunarnefnd undan auka=
útsvari því sem hefur verið lagt á
nú sem fyrri sem er 16 krónur upphæð
öllum sem þekkja nokkuð til ástæða
minna getur ekki blandast hugur um
það að slíkt álag er gert af handa
höfi en ekki neyrnu þekkingu. og
til að Sýna svolítið ástæðunum átla
eg að tilgreina nefndinni að eg er
blátt áfram Erviðismaður við land
vinnu hef mjög heylsulasna konu
varð fyrir 500 króna tapi síðast=
liðið ár sem ekki er auðvelt að átla sér
aptur En Eigur mínar munu Reynz=
ast heldur rírar ef ransakað verð
þar [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sini þá nærgætni við mig og lækki
útsvar mitt nema hún geti sínt
mjer með rjettum rökum að það sje
sanngjarnt og Ekki sje hægt að ve=
feingja það Eg verð að láta það vera
hjer með tilkynt að eg get ekki stundað
þá atvinnu sem er og allir vita að er
best sem er að vera á þilskum heilsa
mín hamlar því

Virðingarfyllst

Hverfisgötu 40 — 9 Desember 1904

Árni Hallgrímsson

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

Tapið sjálfskaparvíti. Hefur selt ári
áður fyrir miklu meira. Ómagalaus.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.

Hr. Árni Hallgrímsson
Hverfisgötu 40.

Njn. 5/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 9. f. m., kært útsvar það, 16 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarsjóðs árið 1905 og var bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Enda þótt nefndin ~~verði framar~~ geti eigi kallað skaða þann, er þér biðuð ~~síðastliðið ár~~ fyrir rúmu ári, annað en sjálfskaparvíti, yður sjálfum að kenna, og kannist eigi við, að útsvar yðar sé sett af handahófi, þar sem þér þóttust hafa efni á að kasta frá yður nokkrum hundruðum króna, þá vill þó nefndin í þetta sinn sýna yður ~~þá~~ tilhliðrun og úrskurðaði að lækka gjald yðar um <u>4 kr.</u>, úr 16 kr. í 12 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 11/12.
4.

Loukað um 4 kr.

Lindargötu No 9 Reykjavík
þann 8/12 — 1907

Heiðraða bæarstjórn
jég skrifa yður nokkar
línur við viðkjandi
gjaldi því sem jég á að
borga í bæar sjóð næsta
ár og fynst mjer það
að öllu leiti ósanngjarnt
bæði vegna minna ástæða
sem eru alls ekki góðar
þar sem við erum bæði
fullorðin og höfum
einn ómaga en lítil efni
þar að auki hefur kon
an min legið í 2 vikur
fullar en sökum þess
að jég er mjög ókunnugur
þá tek jég fyrir jafnaðar
mann Ara Antonsson

því hann á það hús
sem jég bí í og hefur hann
fasta atvinnu bæði
hjá Birni Guðmundsyni
og þar að auki gæslu maður
við vitan jég er því sannt
færður um að sanngjarnt
væri að jég borgaði
2 kr bæði í sama mund
við Ara og fleiri með
þeim peningum sem jég
hef mátt svara úti sökum
veikindanna

Virðingar fillst

Jón Jónsson

frá Kirkjuferju hjáleigu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Jón Jónsson (frá Kirkjuferjuhjáleigu)
Lindargötu 9.

Rvk. 5/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 8. f. m., kært útsvar það, 16 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa árið 1905 og var bréf yðar lagt fyrir nefndina á fundi 3. þ. m.

Niðurjöfnunarnefndin vildi gjarna verða við tilmælum yðar um lækkun gjaldsins í þetta sinn, einkum fyrir sakir veikinda konu yðar síðastliðið ár, og þótt gjald það, sem á yður var lagt, væri alls eigi „ósanngjarnt“ eftir því sem þér hafið áður lýst högum yðar. Úrskurðaði nefndin því að lækka útsvar yðar þetta ár um 4 kr., úr 16 kr. í 12 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mdt. 11/12.
5.

Útsvar S. Ó. fellt burt, en 10 kr. lagðar við fyrra útsvar Haraldar

Hérmeð leyfi eg mér, að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, að faðir minn Sigurður Ólafsson hefir frá í vor verið sem minn maður, og getur því ekki komið til greina, að hann borgi 16 kr. í aukaútsvar sem búandi maður.

Virðingarfyllst
Haraldr Sigurðsson
Laugav. 44

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Hr. Haraldur Sigurðarson
Kaupm.
Laugavegi 44.

Njn. 5/1 1905.

Þér hafið í bréfi til niðurjöfnunarnefndarinnar, ~~dags~~ rituðu í þ. mán., lýst yfir því, að faðir yðar, Sigurður Ólafsson, hafi frá síðasta vori verið yðar maður að öllu leyti og geti því ekki komið til mála, að hann greiði 16 kr. í aukaútsvar.

Þessar bendingar yðar hefir nefndin tekið til greina á fundi 3. þ.m. og úrskurðað, að útsvar föður yðar falli burt, en útsvar sjálfs yðar skal hækka um 10 kr., úr 30 kr. í 40 kr.

Þessi úrslit birti eg yður eð undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Motl. 11/12. Ekki sint:

6.

Sökum þess að mjer þikir bæjargjald mitt af hátt eptir efnum mínum og ástæðum og í samanburði við ýmsa aðra, leifi jeg mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu niðjöfnunarnefnd að hún taki kvörtun mína til greina er eg hér játa framt vil ráðstiðja, þar eg þikist viss um að það gjald sem á mig hefur verið lagt bæði nú og undanfarin ár stafi af ókunnugleika ~~[illegible]~~. –

Þegar jeg fyrir 4 árum kom hingað til bæjarins var eg alveg eignalaus maður það get eg fengið vottorð um frá óviðkomandi og sannorðum ~~[illegible]~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nér sem vill, á þessum
4 árum sem eg hefi hjer
dvalið hef eg haft vinnu
á sumrin en þó mjög rýra
fyrsta árið og á vetrin yfir
lengri tíma harla rýra
vinnu en sjerstaklega
skal eg geta þess að núna
síðast liðið sumar varð eg
algjerlega frá verki í 4 vikur.
Þetta varð mjer því til-
finnanlegra að eg var þá
ekki hjer í bænum svo
legukostnaður (auk vinnutaps)
varð mjer dýr.
Lærisvein hef jeg aldrei
haft svo það er einungis
mín vinna uppá að
hlaupa. Heilsulitla og
eignalausa móður hef eg
líka hjá mjer. Eptir
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessum ástæðum og áraspjöldu
kljátið því að sjá að hjer hafa
ekki verið ástæður til að
safna miklu fje og i arf hef
eg ekki fengið neitt enda er
hús það er eg hefi lagt i að
byggja mikið i skuld.
Til samanburðar vil eg t.d nefna
þá Jóel þorleifsson trjesmið
Hans póst og Kristján Hansson
trjesmið. Sá fyrst taldi
hefur dvalið hjer við smíðar
mikið lengur en eg og eptir
því sem eg veit haft stöðuga
atvinnu einnig haft lærisvein
engum knekkir orðið fyrir
með sig eða sýnu og ~~haft mikið~~
~~fje með~~ móti hans mikið vel
efnuð. bæjargjald okkar er
jafnt Hans póstur er eigna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

maður eins og þið hljótið
að vita og haft mjög góða
atvinnu í fleiri ár hefur aðeins
eitt barn bæjargjald okkar
er einnig jafnt.
Kristján Hansson hefur
haft hjer atvinnu lengur en
eg og hefur lærisvein og
hefur ljett heimili hús-
eigandi er einnig
bæjargjald hans er 15 kr.
Ýmsa fleiri gæti eg nefnt
ef þurfa þikir en það vil eg
jafnframt taka fram að eg
nefni þessa menn til saman-
burðar að það er allsekki meining
min að óska eptir hækkun á þeim
sist mikilli, en eptir okkar
gjöldum til samanburðar nú
vil eg fá mitt lækkað.
Virðingarfyllst. 10/12-04
Tryggvi Árnason Trjesmiður
Bergstaðastíg 29.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Hr. Tryggvi Árnason
trésmiður
Bergstaðastíg 29.

Njn. 5/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 10. f. m., kært útsvar það, er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa árið 1905. Var það bréf lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Meiri hluti nefndarinnar var eigi á sama máli sem þér, að útsvar yðar væri of hátt, þar sem þér að öllu samtöldu hefðuð haft góða atvinnu undanfarin ár, með því að þér væruð bæði góður ~~smiður~~ og hagsýnn smiður og ráðdeildarsamur að öðru leyti, og vildi eigi gera svo mikið úr því, þó að þér hefðuð fatlast frá vinnu um 4 vikna tíma, það verði margir að hafa, og fari þó eigi fram á útsvarslækkun, nema brögð sé að. Nefndin úrskurðaði því að láta útsvar yðar standa óbreytt.

Um ~~[illegible]~~ þá menn, er þér hafið borið yður saman við, er það að segja, að nefndin getur eigi fallist á að lækka gjöld á þeim að sinni, enda farið þér ekki fram á slíkt.

Þessi úrslit birti eg yður ~~í umboði~~ fyrir hönd nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðt. 12/12.

Lækkað um 6 kr.

7.

Á hinni nýsömdu og framlögðu niðurjöfnunarskrá hefi jeg sjeð að mjer er ætlað að greiða næstkomandi ár 16 krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs eins og í fyrra. En af því að jeg, sem er fátækur maður, hefi þetta yfirstandandi ár orðið fyrir svo miklum hnekki af veikindum, þar sem kona mín á síðastliðnu sumri lá hættulega veik í 14 vikur af barnsfarasótt, svo að jeg fyrir utan meðalakostnað og læknishjálp, varð að taka kvennmann til að annast hana og gjöra það sem gjöra þurfti á heimili mínu; auk þess gat jeg vegna þessara veikinda konu minnar heldur ekki á þessu tímabili stundað neina stöðuga atvinnu, og svo þegar kona mín loks komst á fætur, lagðist jeg sjálfur í sótt í 3 vikur, og gat alls ekkert (unnið), þá eru ástæður mínar út af þessum veikindum svo örðugar, að mjer nú veitir allerfitt að ala önn fyrir mjer, konu minni og barni okkar og get því ekki borgað jafnhátt aukaútsvar og síðastliðið ár, og leyfi mjer því virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún af ofangreindum ástæðum færi ofannefnt 16 króna aukaútsvar mitt niður í 10 kr., því hærra útsvar get jeg ekki borgað eptir því, sem efnahags ástæður mínar, sökum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framanskráðra veikinda, nú eru komnar.

Jeg læt hjer með fylgja vottorð frá steinsmiðunum Jóni Eyjólfssyni og Guðmundi Magnússyni í Bergstaðastræti, til sönnunar því að jeg hefi í þessu brjefi skýrt rjett frá ástæðum mínum.

Bergstaðastræti 48 í Reykjavík, 9. desember 1904.

Virðingarfyllst.

Teitur Erlendsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með Vottast að Kona
Herra Teis Erlinssonar hefur
verið Veik í 14 Vekur í Sumar
og Teitur Veikur 3 Vikur
og þar afleiðandi mjög báar
ástæður

Bergstaða Stíg No 46! 7 Desimber
1904

Jón Eyjólfsson

Að ofanskrifað sje rjett
og satt votta jeg með mínu
undir skrifuðu nafni
Guðm Magnússon Stein
smiður Bergstaðastræti
8

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

Hr. Pétur Erlendsson

Bergstaðastr. 48.

Rvík 6. jan. 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 9. f. m., kvartað undan útsvari því, 16 kr., er yður var gert að greiða í bæjarsjóð árið 1905 og var þessi kæra yðar lögð fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Sökum veikinda þeirra, er ~~[illegible]~~ lagst hafa á heimili yðar á síðastliðnu sumri og nefndinni var eigi áður kunnugt um, hefir nefndin fallist á að taka beiðni yðar til greina og úrskurðað að lækka gjald yðar um 6 kr., úr 16 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 12/12.

8.

Lækkað um 30 kr.

Flest undanfarin ár hefir útsvar mitt hækkað, svo að aðrir, mér líkastir í svipuðu, stóðu í stað eða enda færðust niður. Að þessu sinni er enn hækkað á mér um 30 kr., án þess að almenn hækkun eigi sér stað.

Háttvirtur formaður niðurjöfnunarnefndar tjáði mér munnlega að mestu mundi hafa valdið ágizkuð laun mín frá Búnaðarfélagi Íslands, skal eg því skýra heiðraðri nefnd frá því, að sú þóknun er árlega 200 kr., er og verður ekki meiri, verði eg kosinn áfram í þá stjórn og geti annað þeim starfa, sem hvorttveggja er óvíst. En þessi 200 kr. þóknun hefir eigi reynst mér mikið fram yfir kostnað af átroðningi og öðrum óbeinum útgjöldum sem það starf hefir í för með sér. Það er að sínu leyti eins og nefndin mun hafa viðurkent um þingmenn búsetta hér, að ekki taki að færa fram útsvör þeirra fyrir það. Aftur er það viðbót við árslaun mín að eg mun væntanlega fá, enn næsta ár sem undanfarið 200 kr. þóknun fyrir biblíuendurskoðunina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Búskap embættismanna, eða kúahald, þar sem kaupa verður að hvert handtak, hygg eg rétt sé að taka alls eigi til reiknings, áraskifti hvort ber sig eða ekki. Þessum búskap hefir komið til hnekkis hátt maísverð seinustu árin, og nú virðist mjólkin eigi seljanleg nema með því að halda opna búð. Það er æskilegt að bæjarbúar geti haldið kúabúskap sinum og aukið, því að öðrum kosti mundi hér koma fljótt einokunarsöluverð á mjólk. Erfðafestugjald mitt er um og yfir 160 kr. árlega.

Sýnt gæti eg hér heima hjá mér, vildi einhver heiðraðra nefndarmanna kynna sér það, hvernig allt að því helmingur árslauna minna gengur til vaxtaborgunar og lífsábyrgðar tryggingar og ekkjusjóðs. Allt sem eg hefi framkvæmt hefir verið gjört með lánsfé frá upphafi, og eg því jafnan átt örðugt með að geta verið skilamaður. Móts við svo marga aðra sem lík laun hafa og eg, eða hafa vexti af eignum samhliða eitthvað minni launum tel eg mér með engu móti geta borið meira en c. 150, í hæsta lagi það sem eg hafði áður, eftir því hefði eg sagað. Bið eg nefndina að athuga þetta og lagfæra

Úr því eg fór að ónáða nefndina, vil eg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjöra henni þenna greiða að bera, líka útsvar Jóns ingeniörs Þorlákssonar, sem af vantandi upplýsingum er svo fjarstæðilega lágt, aðeins 20 kr. Jón ingeniör Þorláksson hafði 1903 fengið 150 krónu mánaðarlaun við byggingarannsóknir, og beiddist að fá þau laun hækkuð í 200 kr. um mánuð frá 1/1.-1904, og veit eg eigi annað en að hann hafi fengið, og heldur þá líka árið 1905. Þessar 2400 kr. hrein laun, kostnaður greiddur sér í lagi. Annars auðgefið að fá fullvissu um þetta, þar sem féð er greitt úr landssjóði. Við þetta mundu svo bætast laun frá iðnskólanum, sem líklega fylla 3. þúsundið; og ekki ólíklegt að því lærdómsprófi fylgi fleiri drjúgir sportlar. Til þess að þetta geti farið í lag, krefst eg hækkunar á honum, tel honum eftir öllum atvikum eigi bjóðandi minna en 100 kr. útsvar.

Reykjavík 10. desember 1904.

Virðingarfyllst

Björn Bjarnarson

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur 1904.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.

Lektor Þórh. Bjarnarson.

Njn. 6. jan. 1905.

Þér hafið, herra lektor, í bréfi, dags. 10. f. m., borið yður upp undan útsvari því, 200 kr., er á yður var lagt til bæjarþarfa um árið 1905, og var bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Nefndin viðurkennir, að eftir atvikum muni útsvar yðar hafa verið sett heldur hátt, þar sem hana brast nægilega þekking á ~~hög~~ tekjum yðar og högum, en úr hvorutveggja hafið þér bætt með skýrslu yðar. Nefndin úrskurðaði því að lækka gjald yðar um 30 kr., úr 200 kr. í 170 kr.

Útsvar verkfræðings Jóns Þorlákssonar hefir nefndin eftir bendingum frá yður og eftir því er hún hafði leitað ~~skýrslu~~ sjálfs hans hækkað um 80 kr.

Þessi úrslit birti eg yður fyrir hönd nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 13/12.

Lækkað um 5 kr. í þetta sinn.
(vegna skipstj.-vottorðs).

9.

Sökum þess að mjer þykist jeg hafa orðið fyrir háu aukaútsvari nú í haust sem er 25 kr. þá vildi jeg leyfa mjer virðingarfyllst að mega gefa þessar upplýsingar hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd hjer í Rvík. Tekjur mínar á hinu almenna atvinnu tímabili frá 1 mars 1904 og þar til í Okt. -04 voru 527 kr. í heimili hef jeg 4 manns þar af 2 börn. af þessum ástæðum fer jeg fram á að verði lækkað á mjer.

Þetta votta jeg fyrir samvisku mína að er satt. Jafnaðarmanna tel jeg mjer ekki því mjer er ekki kunnugt neitt um tekjur annara.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 7/12-04 Sölvi Vilhjálmsson
skipstj.

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9:

Hr. skipstj. Sölvi Víglundarson

Njn. 6/1 1905.

Þér hafið með bréfi, dags. 13. f. m., kært útsvar það, 25 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa árið 1905, og var bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Nefndin kannast við, að útsvar yðar muni hafa verið heldur hátt sett í þetta sinn, þar sem tekjur yðar hafa orðið fremur rýrar árið sem leið, og úrskurðaði því að lækka það um 5 kr., úr 25 kr. í 20 kr. En með því að þér eruð ráðinn skipstjóri á þessu ári, þá megið þér búast við nokkurri hækkun á næsta hausti, ef vel gengur.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 14/12.

10.

Ekki sint.

Jeg undirskrifaður leifi mjer virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu niðurjafnaðarnefnd um að færa niður aukaútsvar mitt fyrir næsta ár 1905 að upphæð kr 25 til jafns við þá menn sem jeg leifi mjer að tilgreina t.d. Einar Björnsson í Ráðagerði sem hefur 12 kr útsvar en ástæður og efni engu lakari en jeg 2 uppkomna syni og er húseigandi en 1 ómaga eins og jeg. Guðmund Kr Ólafsson skipstjóra með 10 kr útsvar, Helga Teitsson hafnsögumann með 20 kr hefur uppkomna sonu og miklu meiri inntekt en við. en sömu ómegð. Jeg vona að hin háttvirta nefnd sjái að jeg fer ekki fram á neitt sem er ósanngjarnt og verði því við þessari beiðni minni.

Kaplaskjólsvegi 37 (Bergskoti) 13/12 04

Þorgrímur Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10.

Hr. Þorgrímur Jónsson
stýrimaður
Bergstaðastr. 37.

Njr. 6/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 13. f. m., farið þess á leit við niðurjöfnunarnefndina, að hún vildi lækka útsvar yðar (25 kr.) um árið 1905, og var bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Nefndin getur eigi verið yður samdóma um, að ástæður yðar gefi tilefni til lækkunar útsvarsins, svo sem högum yðar nú er varið, og skýrt var tekið fram í bréfi nefndarinnar til yðar 11. jan. í fyrra, enda hafið þér eigi tilgreint í þetta sinn nein sérstök rök, er geri það að verkum að lækkun sú, er nú ætti sér stað, megi virðast ósanngjörn, þegar á alt er litið. Fyrir því úrskurðaði nefndin að útsvar yðar skuli standa óbreytt.

Nefndin fær heldur eigi séð, að útsvör þeirra manna, er þér nefnið til samanburðar, sé of lág í bráð, en vitanlega standa útsvör sumra þeirra til að hækka, ef hagur þeirra batnar, svo sem líklegt er. Þér hafið heldur eigi krafist þess, að útsvör þeirra yrðu hækkuð.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 15/12.
11.

Ekki sint.

Jeg Gudmundur Jónsson frá Sydri-Kvíhólum neyðist til að kæra aukaútsvarið mitt.
Mjer eru gerðar 16 krónur eins og velstandandi iðnaðarmönnum, verzlunarþjónum og stýrimönnum, sem mjer finst ekki rjettlátt. Jeg er gamall maður heilsutæpur og alt kaup mitt þetta árið er ekki nema 150 kr. auk tveggja máltíða og hefur mikið af þerri upphæð gengið til að borga skuldir, sem jeg var kominn í vegna veikinda. Kona mín hefur fyrir mjólkursölu sem stendur 30 kr. á mánuði en svo höfum við fram að færa og kosta son okkar á lærða skólanum og þetta kaup hennar nær því ekkert frekar enn fyrir fæði og fötum.
Þar sem jeg ~~xx~~ er algjörlega eignalaus vona jeg að hin heiðraða nefnd sjái að hjá mjer er ekkert að leggja og krefst jeg þess að þetta útsvar mitt verði fært niður um helming.

Reykjavík Aðalstræti 18 14-12 1904
Virðingarfylst

Guðmundur Jónsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11.

Hr. Guðm. Jónsson
frá Syðri Kvíhólum.

Njr. 6/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 18. f. m., kvartað undan útsvari því: 16 kr., er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður til bæjarþarfa árið 1905, og var bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Nefndin getur ekki verið yður samdóma um, að ástæður yðar heimili henni að leggja lægra útsvar á yður, en hún hefir gert, þar sem tekjur yðar hjónanna mega fyllilega reiknast 600 kr. og svo mun sonur yðar vinna sér dálítið inn á sumrin og slíkur efnispiltur sem hann (mun þar á ofan) fá talsverðan námsstyrk. Margar verða að bera sama eða litlu minna gjald, sem þó færir talsvert minna fé í bú sitt um árið, á þó ekki eigur til styrktar. Fyrir þessar sakir úrskurðaði nefndin, að útsvar yðar skyldi standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður í umboði nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 15/12.

Ekki sint.

12.

Rvík, 14. des 1904.

Í tilefni af að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hefir þóknast að leggja á mig undirritaðan 12 kr. aukaútsvar, vil ég vekja athygli hinnar háttvirtu nefndar á því, að eg er fyrst kominn hér til bæjarins þ. 2. september þ. á. En þar eð, eftir því sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mér er bezt kunnugt, og
ég hefi leitað mér upp-
lýsinga um, eigi hvað
vera regla að leggja út-
svar á menn fyrr en
þeir hafa verið 4 mán-
uði hér í bænum, leyfi
ég mér hér með að mót-
mæla þessu álagi, þar
eð það er álit mitt, að
það eigi sé réttmætt.

Þetta óska ég að hin
háttvirta nefnd taki til
íhugunar.

Þótt það máske sé
máli þessu óviðkomandi,
má geta þess, að ég enn sem
komið er gjaldandi í Kaup-
mannahöfn og hef þar heim-
ili.

Virðingarfyllst
Hafliði Bjarnason

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.

Hr. prentari Hafliði Bjarnason

Njr. 6/1 1905.

Þér hafið í bréfi til niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 14. f. m., [haldið því fram,] að yður væri eigi skylt að greiða gjald það, er nefndin hafði í síðastl. nóvembermánuði lagt á yður um árið 1905, og teljið gjaldið eigi réttmætt.

Þessi skoðun hlýtur að vera af misskilningi sprottin, því að þér játið sjálfur, að þér hafið flutst hingað til bæjarins 2. sept. síðastl. og hafið haft hér heimili og atvinnu síðan, enda engar líkur til, að þér flytjist héðan fyrst um sinn. Þar sem þér nú áttuð hér heimili, þá er álagningin fór fram, verður með engu móti hrekt réttmæti hennar að lögum. Og þó að þér hafið, svo sem þér segið, annað heimili í Kmh. og séuð þar gjaldandi, þá kemur það ekki þessu máli við, þar sem þetta gjald er að eins miðað við heimili yðar og atvinnu hér í bæ, en ekki annað.

Af þessu getið þér séð, að nefndin muni ekki hafa fundið ástæðu til að fella burt gjald yðar, en fram á aðra breyting hafið þér ekki farið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 16/12.

13.

Lækkað um 5 kr.

J

Jeg hefi sjeð á hinni nýsömdu niðurjöfnunarskrá að mjer næsta ár er ætlað að greiða 15 króna aukaútsvar til bæjarsjóð eins og um undanfarin ár. Og nú hefir niðurjöfnunarnefndin einnig lagt aukaútsvar á tvo syni mína, Magnús og Þórð, 10 krónur á hvorn þeirra.

Jeg hefi nú reyndar ekkert að athuga við það þó þetta aukaútsvar sje lagt á þessa syni mína, sem hingað hafa verið taldir sem mínir vinnumenn eða hjú, en þar á móti er jeg ekki ánægður með að sámt sem áður sje lagt jafnhátt gjald á mig nú eins og að undanförnu. Jeg er kominn á sjötugsaldur, og svo heilsulinur, að jeg opt og tíðum ekki get gengið að neinni áreynsluvinnu, og kona mín, sem er hátt á sextugs aldri, er einnig orðin mjög lúin og gigtveik. Jeg leyfi mjer því virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að hún færi ofannefnt 15 króna aukaútsvar mitt niður í 10 krónur, því eptir því sem ástæðum mínum og heilsu-ástandi nú er komið finnst mjer að hærra aukaútvar á mjer eigi geti talizt sanngjarnt; enda verður líka á þann hátt aukaútsvar okkar feðga samtals 30 krónur, eða helmingi hærra heldur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en það var í fyrra þegar jeg einn borgaði fyrir okkur alla.

Ofanleiti í Reykjavík, 15. desember 1904.

Virðingarfyllst.

Magnús Magnússon.

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13.

Hr. Magnús Magnússon
í Ofanleiti

Rvík. 6/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 15. f. m., borið yður upp undan útsvari því, er niðurjöfnunarnefndin hafði gert yður að greiða til bæjarþarfa árið 1905 og var bréfið lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Nefndin getur fallist á ástæður þær, er þér nefnið í téðu bréfi til stuðnings því, að gjald yðar sjálfs muni vera heldur hátt og úrskurðaði því að lækka það um 5 kr., úr 15 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birtist yður í nafni nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afgr. 21/12.

14. Reykjavik 21/12 1904

Lækkað um 4 kr.

Jeg undir ritaður hjer með skora á Niðurjöfnunar nemd Reykjavíkur að lækka á mjer bæarjaldið fyrir. 1905. því jeg sje það efter niðurjöfnunar skránni að dæma borga margir einhleipir menn minna en jeg og það að auki hef jeg ómaga ~~sem~~ er jeg þarf að fram færa og undir eins eigna lauz maður

Skála
í Reykjavik 21/12. 1904
Jón Markússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.

Hr. Jón Markússon
í Skála

Njr. 6/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 21. f.m., kært útsvar það, 14 kr., er niðurjöfnunarnefndin hafði gert yður að greiða til bæjarþarfa árið 1905 og var bréfið lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ.m.

Enda þótt þér getið engra sérstakra ástæðna til stuðnings beiðni yðar um lækkun á þessu gjaldi, þá er ýmsum nefndarmönnum svo kunnugt um hagi yðar, að hún vill taka tilmæli yðar til greina og hefir því úrskurðað, að útsvar yðar skuli lækka um 4 kr., úr 14 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Med. 21/12.

15. Lækkað um 2 kr.

Eg undir ritaður leifi mér hér með að fara þess á leit við háttvyrtu Niðurjöfnunar nefndar Reykjavíkur bæar, að læka auka útsvar mitt sem nú er og hefur verið 12 Krónur

þar að ég í fyrsta lagi er mikklu fátækari en margir þeir er greiða eiga 2 til 4 krónum lægra útsvar

öðru lagi að ég er ómaga maður, hef þrjú börn

og þriðja lagi hef ég verið meira og minna veikur sydast lið sumar og tapað mikilli vinnu þar af leiðandi

Vyrðingarfylst Bergstaðastræti 48
Þorsteinn Guðmundsson frá Steinsholti

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar Rvk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15.

Hr. Þorsteinn Guðmundsson
frá Steinsholti
Bergstaðastr. 48.

Njr. 7/1 1905.

Þér hafið í ~~bréfi dags.~~ ódagsettu bréfi til niðurjöfnunarnefndarinnar kvartað undan útsvari því, er hún hafði gert yður að greiða til bæjarþarfa árið 1905, og var bréfið lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Einkum sökum veikinda þeirra, er þér segið að hafi heimsótt yður á síðastl. sumri og svo þröngra ástæðna að öðru leyti, hefir nefndin viljað verða við tilmælum yður um lækkun útsvarsins og úrskurðaði því að lækka það um 2 kr., úr 12 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti eg yður eftir undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Med. 21/12.

16. Hjermeð tilkynni ég hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd. í Reykjavík að eg er ekki lausamaður né heldur námssveinn, einsog með fylgjandi viðurkenning sýnir frá kennara mínum,

Þessvegna beiðist eg nú þess að eg verði undanþeginn að borga þær 14 kr. í fátækraútsvar er mjer eru gerðar að borga

Reykjavík 21/12 1904

Sigurbjartur Hróbjartsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg
kem
Hró
hjá m
til þe
nám

eykjavíkur

Eg undir skrifaður viður-
kenni hérmeð, að Sigurbjartur
Hróbjartsson er námspiltur
hjá mjer frá 14 mai þ. á.
til þess að hann hefur lokið
námi sínu.

Reykjavík 10 Des 1904

Ólafur Þórðarson
járnsmiður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16.

Hr. Sigurhjörtur Hróbjartsson
járnsmiðsefni.

Njrv. 7/1 1905.

Samkvæmt skýrslu yðar í bréfi, dags. 21. f. m. og vottorði Ólafs járnsmiðs Þórðarsonar um, að þér séuð ~~að nema járnsmíði hjá honum,~~ námssveinn hjá honum, hefir niðurjöfnunarnefndin á fundi 3. þ. m. fellt burt gjald það til bæjarþarfa L(14 kr.), er hún hafði lagt á yður sem lausamann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

48 ára gamall,

konan 47 ára gömul, heilsulítil,

efni engin.

22/12.

Lækkað um 4 kr.

17.

Reykjavík 21/12 – 1905.

Heiðraða niðurjöfnunar=nefnd

Út af útsvari því er lagt hefur verið á mig í haust 1905 að upphæð 17 kr. sem mér þykir alt of hátt til samanburðar við aðra sem eiga að greiða lítið útsvar og ég þó mér finnst ekki fjáður að vera að telja frá [illegible].

Þar eð ég er ~~[illegible]~~ mjög efnalítill, barninn að [illegible] og þar að auki kona mín heilsulítil, Svo að þessum ástæðum, leyfi ég mér að biðja hina heiðraða nefnd að athuga þessa umkvörtun mína. Hvað efnahag minn snertir býst ég við að hin heiðraða nefnd sé mjög ókunnug ~~en þó~~ því ég er nýkominn til bæjarins. Ég orðlengi þetta ekki meir.

Virðingarfyllst Sveinn Jónsson
frá [illegible].
Nº 17

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.

Hr. Sveinn Jónsson
Klapparst. 14.

Njn. 7/1 1905.

Þér hafið í bréfi til niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 21. f. m., kvartað undan útsvari því (14 kr.), er nefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa árið 1905.

Gjald yðar til bæjarþarfa var upphaflega miðað við og sniðið eftir þeirri lýsing á högum yðar, er frá yður kom, þá er þér fluttust til bæjarins, en þar sem þið hjónin hafið verið vanheil með meira móti, eftir frásögn yðar, árið sem leið, þótti nefndinni sanngjarnt að taka það til greina og lækkaði í þetta sinn útsvar yðar um 4 kr., úr 14 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti ég yður fyrir hönd nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kona heilsutæp (38 ára), hann 49.
1 barn á 2. ári
tengdamóðir 82 ára (fer með henni 20 kr.)

sumarkaup 138 kr.

Guðm. Oddsson 1 barn.
Símon Jónsson ómagalaus húseigandi.

Meðt. 23/12.

18. Lækkað um 4 kr.

Hérmeð vil jeg fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að hún færi niður útsvar mitt sem mjer þykir of hátt í samanburði við marga aðra og þykist jeg vita að það stafi af ókunnugleika að hún hefur lagt þetta hátt á mig og er jeg fús til að gefa henni upplýsingar síðar um ástæður mínar og efnahag. Eg tek hjer enga jafnaðarmenn nú en skal fúslega gjöra það ef krafist verður.

Virðingarfyllst
Helgi Höskuldsson
[illegible] 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18.

Hr. Helgi Höskuldsson húsm.
Klapparstíg 7.

L (14 kr.)

Njn. 7/1 1905.

Þér hafið í ~~bréfi~~ ódagsettu bréfi til niðurjöfnunarnefndarinnar farið þess á leit, að hún lækki útsvar það, er hún hafði gert yður að greiða til bæjarþarfa árið 1905, og var bréfið lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ.m.

Nefndin athugaði eftir föngum ástæður yðar, og þóttist finna að færa mætti niður gjald yðar, án þess að það kæmi í bága við álögur á aðra með líkum ástæðum, og úrskurðaði því að lækka útsvarið um 4 kr., úr 14 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti eg yður í nafni nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðt. 23/12.

19. Lækkað um 20 kr.

Með því að jeg sé eigi annað sýnt en að útsvar það, að upphæð 80 kr., sem hin heiðr. niðurjöfnunarnefnd hefur lagt á mig, þetta sinn sje tiltölulega talsvert hærra en útsvör ýmsra annara borgara bæjarins leyfi jeg mjer að snúa mjer til nefndarinnar með þeim tilmælum að hún lækki útsvar mitt að miklum mun. – Skal jeg leitast við að færa ástæður fyrir þessari ósk minni, bæði með því að skýra nefndinni frá tekjum mínum og einnig með því að bera mig saman við ýmsa aðra.

Einsog nefndinni mun kunnugt eru laun mín sem aðstoðarmanns í stjórnarráðinu 1500 kr. á ári. Aðrar fastar tekjur hef jeg ekki, og vegna þess að maður, <u>sem til skamms tíma hefur átt sæti í niðurjöfnunarnefndinni</u> hefur skýrt mjer frá því að þeirri sögu hafi verið haldið þar á lopti að kona mín hafi, þegar hún fermdist, fengið útborgað mörg þúsund króna sem barnatryggingarfje, skal jeg til frekari fullvissu taka það fram að ekki er hinn minnsti fótur fyrir sögu þessari. Auk launa minna hef jeg eigi tekjur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af öðru en málfærslumannsstörfum og af-
umboði fyrir lífsábyrgðarfjelagið „Allmenna“.
Að því er málfærslumannsstörf mín snertir
skal jeg benda á að jeg er bundinn á skrif-
stofu stjórnarráðsins allan fyrri hluta
dags til kl. 4 og auk þess eigi sjaldan
einnig síðari hluta dagsins. Af þessu mega
menn sjá hversu miklum tíma jeg muni
hafa til málfærslumannsstarfanna og sjer-
staklega er það mjer auðvitað til baga, hvað
þau snertir, að vera bundinn allan fyrri
hluta dagsins. Við þetta bætist að hjer í bænum
eru nú, auk 2 skrifstofustjóra minna í stjórnar-
ráðinu, 5 lögfræðingar, sem allir fást við mál-
færslumannsstörf og hafa eigi annað fyrir stafni,
geta því varið öllum tíma sínum til þeirra
og hljóta því að fá mest af þesskonar störfum.
Einnig vil jeg geta þess að jeg er einn búinn
að praktisera hjer í bænum rúmt 1½ ár og þeir,
sem hjer hafa verið lengur, eru komnir í
fastan sess, hafa fjölda viðskiptavina,
sem leita til þeirra en ekki annara og
þar að auki eru þeir, sem hjer hafa verið mörg
ár stöðugt orðnir þekktir af fólki bæði hjer
í bænum, út um land og ekki síst í út-
löndum; fólk fer því fremur til þeirra og þeir
hafa að sama [illegible] innheimtu fyrir útlendinga.
Að því er umboð mitt fyrir ábyrgðarfjelagið
snertir skal jeg geta [illegible] þetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byrjaði hjer í landi fyrir 2 árum nokkrum mánuðum síðar og það þarf lengri tíma en svo til þess að fólk fari að nota slík fjelög, ekki síst þar sem nóg er hjer fyrir.

Þegar nú litið er til þess, sem jeg þegar hef talið þá er mjer ómögulegt að sjá annað en ósanngjarnt sje að leggja á mig 80 kr. útsvar þegar eigi er lagt hærra en 35 kr. útsvar á stjettarbróður minn Guðmund Sveinbjörnsson. Jeg hef ekki hærri laun en hann. Hann er búinn að praktísera hjer í 6 ár og hlýtur því að hafa miklu meiri praxis en jeg. Hann er einhleypur, býr í foreldrahúsunum og er þar í kosti. Af öllu þessu athuguðu virðist mjer vera svo langt frá því að sanngjarnt sje að jeg borgi meira en helmingi hærra útsvar en Guðmundur að það einmitt væri rjettlátt að talsvert minna væri á mig lagt. — Bernhöft tannlæknir er látinn greiða 2 árum 70 kr. Hann hefur 1000 kr. árl. styrk úr landssjóði og það vita allir að praxis hans er afarmikill, svo að hann hefur sjálfsagt yfir 4000 kr. tekjur á ári. Þó hann hafi fyrir einu barni að sjá get jeg samt eigi sjeð annað en útsvar mitt ætti að vera talsvert lægra en hans. — Eigi er mjer heldur auðið að sjá hvaða ástæða er til þess að leggja á mig þessfalt hærra útsvar en á Jón verkfræðing Þorláksson. Hann hefur á hendi rannsóknir á byggingarefnum landsins og leiðbeiningar í húsagerð. Til þessa starfa eru veittar á fjárlögunum 4000 kr. fyrir fyrst. ár og 3000 kr. fyrir næsta ár. Og þetta fær hann ... Auk þess stunda-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um kostnað við ferðalög, og verða laun hans því
að minnsta kosti eigi minni en liðlega 2000 kr., auk
þess hefur hann 500 kr. árl. sem forstöðumaður tekn-
iska skólans. Því að auki hlýtur hann að hafa ein-
hverjar tekjur af aukastörfum. En setjum svo að
hann hafi eigi meira alls en 2500 kr. á ári. Eptir
því ætti jeg að hafa 10 þús. kr. tekjur á ári til þess að hægt
sje að rjettlæta að á mig er lagt ferfalt hærra útsvar,
því ástæður okkar eru jafnar að öðru leyti en tekj-
unum. Jeg get yfirhöfuð alls eigi hugsað mjer hverjar ástæður
nefndin getur fært fyrir því að leggja á mig hærra útsvar
en á Jón.

Jeg hirði eigi að bera mig saman við fleiri, en vona
að það, sem jeg hef tekið fram sje nægilegt til þess að
nefndin sjái og sannfærist um að eigi sje rjett að leggja
á mig 80 kr. útsvar, og að hún því lækki útsvar mitt
um talsvert mikinn hluta þess, og með sjerstöku
tilliti til þeirra Jóns og Guðmundar þykist jeg eigi
vera frekur í kröfum þó jeg fari fram á að útsvarið
verði lækkað um meira en helming.

Reykjavík 20. des. 1904

Virðingarfyllst

Eggert Claessen

cand. juris.

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19.

Hr. Cand. jur. Eggert Claessen.

Njn. 7/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 20. f. m., lýst óánægju yðar yfir ~~hæð~~ þess útsvars (80 kr.), er niðurjöfnunarnefndin hafði gert yður að greiða til bæjarþarfa árið 1905, og var þetta bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Nefndin vissi vel, þá er gjaldið var á lagt, hversu miklar embættistekjur yðar eru, en um aðrar tekjur yðar hafið þér rætt í bréfinu og auk ~~þess~~ ~~[illegible]~~ sent nefndinni síðar fullnægjandi yfirlýsingu um eitt atriði, er mestu varðaði. Nefndin félst því á að taka kröfu yðar um lækkun gjaldsins til greina að nokkru leyti og úrskurðaði að lækka það ~~gjaldið~~ um 20 kr., úr 80 kr. í 60 kr., og vonar, að þér ~~unið við~~ ~~það~~ megið vel við það gjald una.

Um útsvar Guðm. Sveinbjörnssonar er það að segja, að nefndin kannast við, að það muni vera fremur lágt í samanburði við gjöld annarra, en vildi þó eigi raska því í þetta sinn, enda hafið þér eigi krafist þess. Útsvar V. Bernhöfts sýnist vera sennilegt eftir þeim tekjum, er hann sjálfur segist hafa, en útsvar Jóns Þorlákssonar var hækkað í 100 kr., svo að þá er æskilegur jöfnuður þar á kominn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að gefnu tilefni lýsi jeg því hjermeð yfir, að Soffía dóttir mín hefur aldrei verið trygð í neinu barnatryggingar eða lífsábyrgðarfjelagi og því aldrei komið til mála, að henni eða mjer hennar vegna, hafi verið eða verði útborguð nein fjárupphæð frá slíku fjelagi. Saga sú sem mjer er sagt að gangi hjer um bæinn um slíkt er að öllu leyti _tómur uppspuni_.

Rvík 2/1 – 05

[illegible]

Til
Niðurjöfnunarnefndar Rvíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mot. 26/12. Lækkað um 2 kr.

Reykjavík 24=12 04

20.

Til niðurjöfnunarnefndarinnar
Reykjav. Hæstvirtu herrar
Af ástæðum þeim sem eg
hefi tekið fram við Formann
nefndarinnar sem eru
þessar Fyrst að Konan mín
hefur verið meyra og minna
veik síðan í fyrra vetur
og hefur þessvegna ekki getað
notið nyrnar atvinnu og annað
það að jeg er orðinn hálf-
sextugur og get þessvegna
ekki gefið mig nema í
hæga vinnu sem er lítt
arðberandi í samanburði við
aðra sem frískir eru

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leyfi eg mér hér með að
kæra útsvar mitt sem lagt
hefur verið á mig þetta yfir
standandi ár sem eru Kr 16
í Trausti til þess að þér
sjáið Fullgildar ástæður til
að taka þessa kæru mína til
greina og að rétta hluta minn
á þessu efni með þær skírin
gar fyrir yður sem eg hefi gefið
þessu viðvíkjandi og um þess
eg tilfæri einstakann mann
til samjafnaðar

Virðingarfylst

Þorvaldur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.

Hr. Þorvaldur Ólafsson
frá Eiði í Garði

Njr. 7/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 24. f.m., kvartað undan útsvari því (16 kr.), er yður var gert að greiða til bæjarþarfa árið 1905 og var bréf yðar lagt fram á fundi niðurjöfnunarnefndarinnar 3. þ. m.

Einkum sökum veikinda þeirra, er verið hafa á heimili yðar síðastl. ár, að sögn sjálfs yðar, féllst nefndin á að taka kæru yðar til greina og úrskurðaði að lækka gjald yðar um 2 kr., úr 16 kr. í 14 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21.

Medt. 27/12.

Reykjavík 27 desember 1904.

Lækkað um 15 kr.

Frá gjaldkera Reykjavíkurbæjar hef ég meðtekið reikning upp á aukaútsvar kr: 50.00, og hef ég í tilefni af því kynnt mér niðurjöfnunarskrá Reykjavíkurbæjar fyrir árið 1905. Við að lesa upphæð aukaútsvara ýmsra manna hér í bæn um hef ég sannfærst um að útsvar mitt af hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd er sett of hátt og vil því mælast til að það verði sett niður um 20 kr. í [illegible].

Ég [illegible] því að laun mín sem gjaldkeri landsbankans [illegible] nefndinni kunn, því sá eini nefndarmaðurinn spurði mig hvað há laun mín væru, og sagði ég honum þá að launin væri 1800 kr án sportla af nokkru tagi.

Mér er óskiljanlegt að nefndin hafi lagt á þessar 1800 kr 50 kr útsvar, þar sem [illegible] hafi [illegible] vel verið ókunnugt að ég stóð sem við nám í Kaupmannahöfn og í eitt ár sem er nýkominn fyrir fermingaraldur, en hef ekki farið að vinna fyrir sér.

Mér þykir sennilegt að nefndinni hafi byggt útsvarsálagninguna á [illegible] vegna af verzlun þeirri sem undir mínu nafni enn er rekin í Sauðárkrók annars þess sem mér þar er gjört forsvaranlega hátt útsvar af verzluninni [illegible]. Nú skal ég geta þess að verzlunin sem rekin er með annara fé, nú eingöngu —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21.

Hr. gjaldkeri V. Claessen.

Njn. 9/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 27. f. m., borið yður upp undan útsvari því (50 kr.), er niðurjöfnunarnefndin hafði lagt á yður um árið 1905, og var bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Með því að þér í bréfi þessu skýrið frá, að þér hafið alls engar tekjur af eign til styrktar launum yðar, þá fellst nefndin á að tilhlýðilegt mundi að taka kæru yðar til greina, þar sem þér þar á ofan hljótið að hafa haft talsverðan aukakostnað í bili af flutningi yðar hingað, og úrskurðaði að lækka gjaldið um 15 kr., úr 50 kr. í 35 kr.

Þess skal getið, að útsvar verkfr. Jóns Þorlákssonar hefir verið hækkað um 80 kr., en útsvör hinna, er þér nefnið til samanburðar, látin standa í stað í þetta sinn.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mot. 28/12.

22.

Lækkað um 20 kr.

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að snúa mjer til hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur út úr útsvari því, sem nefndin leggur á mig um árið 1905. Er það að minni ætlun óeðlilega hátt í samanburði við útsvör fjölda annara gjaldenda bæjarins.

Tekjur mínar eru: a) ókeypis bústaður í holdsveikraspítalanum án eldsneytis og ljósmetis.
b) embættislaun mín, 2700 kr. á ári.

Jeg get ef til vill hugsað mjer, að nefndin hafi gjört ráð fyrir, að jeg hefði einhvern tekjuauka fyrir læknisstörf í bænum. Eigi er það þó í raun og veru. Tekjur fyrir þau störf hafa aldrei verið meiri en svo, að jeg hef með naumindum getað borgað húsaleigu í bænum með þeim. En þar er jeg neyddur að leigja mjer herbergi vegna embættisstarfs míns við læknaskólann. Þar er því enginn tekjuauki og getur eigi orðið, þar sem jeg bý hjer í spítalanum, en ekki í bænum.

Til samanburðar við mig skal jeg af mörgum nefna:

1. Hr. Adjunkt Pálma Pálsson.

Tekjur hans eru: a) ókeypis bústaður með eldsneyti og ljósmeti.
b) Kennaralaun — — á ári kr. 2800.—
c. Laun fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum þess — — — „ 200.—
d.) Fyrir dyravörzlu 1000 kr. árlega, og er óhætt að gjöra ráð fyrir að afgangs kostnaði verði að minnsta kosti, sem beinar tekjur 200–300 kr. — „ 200–300.—

Árstekjurnar verða því auk bústaðar og hita og ljóss árlega, samtals
Kr. 3200.— 3300.—

Þannig hefur því hr. P.P. 500–600 kr. hærri árstekjur en jeg — auk eldsneytis og ljósmetis, en 20 kr. lægra útsvar eða 100 kr., þar sem 120 kr. eru lagðar á mig.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Báðir eigum við að sjá fyrir konu og barni. — Mjer er að vísu sagt, að móðir hr. P. P. búi hjá honum, en eigi er álitið, að hún sje honum neinn ómagi: Annars er hr. P. P. talinn efnaður maður, en það er víst enginn, sem grunar mig um það. — Því miður á jeg hvorki fje í bankanum eða jarðeignir.

2. hr. Sigurður Thoroddsen, landsingeniör og settur Adjunkt

Tekjur þessa manns, sem hefur á hendi 2 embætti (frá 1. okt. þ. á. fram á sumar næsta ár), verða auðsjáanlega svo miklu hærri en mínar, að kynlegt er, að hann skuli hafa 20 kr. lægra útsvar en jeg.

Auk þess mætti vafalaust bera mig saman við ingeniör Jón Þorláksson; í samanburði við hann hef jeg auðsjáanlega stórum of hátt útsvar. Af því, að jeg veit, að niðurjöfnunarnefndinni gefst kostur á upplýsingum frá nákunnugum útsvarskærendum um tekjur hans, ætla jeg eigi að sundurliða þær, en vil aðeins vekja athygli nefndarinnar á því.

Eigi dettur mjer í hug, að tannlæknir Bernhöft eða forngripavörður Jón Jakobsson ættu að hafa lægra útsvar en jeg. Þvert á móti. Jeg gjöri ráð fyrir að niðurjöfnunarnefndin komist á sömu skoðun við nánari yfirvegun.

Jeg leyfi mjer því virðingarfyllst að skora á hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd að taka þessar bendingar mínar til alvarlegrar yfirvegunar, og vonast jeg eptir, að hún sjái þá, að öll sanngirni mælir með því, að útsvar mitt verði lækkað talsvert ofan fyrir útsvör þeirra Pálma Pálssonar og Sigurðar Thoroddsen.

Laugarnesi 28. des. 1904

Virðingarfyllst

Sæm. Bjarnhjeðinsson
læknir.

Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurbæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22.

Hr spítalalæknir Sæm. Bjarnhéðinsson

Njr. 9/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 29. f. m., kvartað um, að útsvar yðar, það er niðurjöfnunarnefndin hafði lagt á yður um árið 1905, væri of hátt, og var það bréf lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Enda þótt nefndin geti eigi ~~fallist á~~ verið yður samdóma um ýmis atriði í ~~útreik~~ áætlunum yðar um tekjur þeirra manna, er þér nefnið til samanburðar, og sumt sé fjarstæða, eftir þeim skýrslum, er þeir menn sumir hafa gefið, þá vill nefndin þó taka trúanlega ~~[illegible]~~ staðhæfing yðar, að því er tekjur yðar snertir, og hliðra svo til við yður sem auðið er og úrskurðaði því að lækka gjald yðar um 20 kr., úr 120 kr. í 100 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 28/12.

Hjer með leifi eg mjer virðingarfels að fara þessá leif við hena hátt vertu Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur kaupstaðar að hún færi niður Auka út svar mett niður úr 18kr í 8kr. Jeg skal taka fram ástæður minar fyrir þessari beiðni menn fert er það að Valdimar Sonur menn sem er Dagleigumaður fer frá mjer í ferra til Ameriku alfarið Svo við erum aðeins tvö Hjeonin eptir heedt orðinn fallorðin og lunin og Efnalitil þessar á Staða fari eg fyrir beiðni menni þess skal getið að eg hef ekki haft arð Vinn þetta ár en Eins Vinn dag og dag þar eg treisti. Hjer ekki til fyrir Sjóð Sitarla uthald og ven eg svo gott að Nefndin taki þetta til greina þótt eg beri mig ekki Saman við aðra

Reykjavík 19 Desember 1907
Guðjón S. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23.

Lakkað um 8 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Guðjón S. Jónsson
tómthúsmaður
Vesturgötu

Rvk. 9/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 19. f. m., kvartað undan útsvari því (18 kr.), er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1905, og var bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Sökum þeirra breytinga sem á hafa orðið högum ~~yðar~~ yðar, er sonur yðar fór frá yður, þá vill nefndin taka beiðni yðar til greina og úrskurðaði því að lækka gjaldið um 8 kr., úr 18 kr. í 10 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að undirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðt. 28/12. Lækkað um 10 kr.

24.

# JÓN ÓLAFSSON

Skrásetjari við Landsbókasafnið.
Bóka-útgefandi. (Ritari ins ísl. bóksalafélags).
Bóksali. Pappírssali.
EINKASALI FYRIR TULLIS & CO. PAPPÍRSVERKSMIÐJUR, EDINBURGH.
AÐALUMBOÐSM. Á ÍSL. F. „STANDARD“ LÍFTRYGGINGARFÉL.
Einkasali Laughlins lindarpenna.
Pantar fyrir frumverð amerískar eldavélar og ofna,
öll skrifstofu og bókasafna áhöld o. s. frv.

CATALOGUER IN THE NATIONAL LIBRARY.
PUBLISHER. (SECRETARY OF THE ICEL. BOOKSELLERS UNION.)
BOOKSELLER. STATIONER.
*SOLE AGENT IN ICEL. OF TULLIS & CO. PAPER MAKERS, EDINBURGH.*
*HEAD AGENT FOR ICELAND OF THE STANDARD LIFE INSUR. CO.*
SOLE AGENT FOR LAUGHLINS FOUNTAIN PENS.
*Agent for American stoves & ranges.*
*All kinds of Library & Office Supplies a Speciality.*

**Box A 18. Reykjavik. Iceland,** 28. Decbr. 1904.

Í ár hefir niðurjöfnunarnefndin gert mér 75 kr aukaútsvar. Mér eru ekki skiljanlegar ástæður hennar til þessa.

Tekjur mínar árið, sem leið, hafa, að því er ég veit enn, verið þessar:

1. Fyrir ritstjórn „Reykur“ 600 kr
2. " starf á Landsbókas. 900 " (frá dregin aðkeypt hjálp)
3. Tekjur af pappírsverzl. &c. ca 480 "
4. " " forlagsbókum 310 " (áætlað)
5. Ritlaun 40 kr, starf í félögum 20 kr 60 "
6. Tekjur af Standard-agentúr 90 "

2440

Næsta ár býst ég við þessum tekjum:

1. Ritstjórn 1200 kr ÷ aðstoð &c. 300 kr = 900 kr
2. Landsbókasafn - - - - - 800 "
3. Pappírsverzlun &c - - - - - 500 "
4. agentúr ——— ca. 90 "
5. Forlagsbækur — — — ca 250 "

2540 kr

Árið, sem leið tapaði ég stórri fjárupphæð við gjaldþrot eins útsölumanns, sem hafði safnað upp fjögra ára skuldum (Jón Jónsson alþm. á Vopnaf.).

Ég hafði bróðurson minn árið sem leið, sem ég kostaði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í skóla (hefi kostað hann að öllu síðan 1898). Í ár kemur kosta ég hér bróðurdóttur mína á skóla (og árið alt). Ég á þrjú börn hér heima fram að færa og móður mína á áttræðisaldri.

Ég sé að kennari Geir Zoëga hefir 5 kr meira útsvar en ég. Hann mun hafa 2800 kr laun (með eftirlaunarétti) og á víst fasteignir, er nema munu 20-30 þús. króna. Ég á enga fasteign.

Sigurður Kristjánsson bóksali er gerður jafn mér. Hann á húseign góða og stóra og dýra lóð þar austur af, og í forlagsbókum sjálfsagt tifalt við mig.

Kristján bæjarfulltrúi Þorgrímsson mun hafa ámóta tekjur og ég og ekki þyngri ómegð, en á fasteign góða. Hann hefir 40 kr útsvar.

Ég hirði ekki að telja fleira, en vona að nefndin að sönnum málavöxtum upplýstum, finni ástæðu til að verða við þeirri áskorun minni að færa niður útsvar mitt, sem er alveg frámunalega hátt eftir ástæðum. Ég hefi aldrei kært yfir útsvari fyrri á ævi minni, og ætlaði ekki að gera það að raunarlausu.

Virðingarfylst
Jón Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24.

Hr. ritstjóri Jón Ólafsson.

Njn. 9/1 1905.

Þér hafið í bréfi til ~~nefnd~~ niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 28. f. m., farið fram á, að hún lækkaði útsvar það, er hún hafði á yður lagt um árið 1905, og var bréfið athugað á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Eftir þeim skýrslum, er þér þar hafið látið nefndinni í té um tekjur yðar og hagi og nefndin tók gildar í flestum greinum, fann nefndin ástæðu til að hliðra nokkuð til við yður og úrskurðaði því að lækka gjaldið um 10 kr., úr 75 kr. í 65 kr.; væntir nefndin, að þá muni mega telja ~~gjaldið~~ útsvar yðar nærri sanni.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 28/12.

25.

Hækkað um 6 Kr.

Reykjavík 26. des. 1904

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjermeð að vekja athygli hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar á að ástæður mínar nú eru líkar og í fyrra, og þareð jeg þá greiddi 10 Krónur í aukaútsvar, óska jeg að greiða sömu upphæð að ári.

Virðingarfyllst
Jóhannes Sveinsson
Bakkastíg 3.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25.

Hr. stýrim. Jóhannes Sveinsson
Bakkastíg 3.

Rvk. 9/1 1905.

Kæru yðar í bréfi, dags. 26. f.m., útaf lækkun aukaútsvars yðar um árið 1905, tók niðurjöfnunarnefndin til íhugunar á fundi 3. þ.m. og félst á að verða við tilmælum yðar og úrskurðaði því að lækka gjaldið aftur um 6 kr., láta það vera 10 kr. svo sem í fyrra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Med. 29/12
26.

Ekki samþ.

Hérmeð leyfi ég mér að láta í ljósi óánægju mína yfir því við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar að hún hafi hækkað útsvar mitt um 1/3 frá ~~fyrst~~, sem áður hefir átt sér stað. – Hver er ástæðan til þessarar gífurlegu hækkunar? Í sambandi við þetta vil ég benda hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd á, að hún hefir lagt á herra Odd Helgason í Hlíðarhúsum jafnhátt útsvar og mig. Áðurnefndur Oddur er betur standandi maður en ég og þar að auki ómagalaus en ég hefi fyrir börnum að sjá og verð að gjalda með því fullt kennslukaup. – Af ofangreindum ástæðum krefst ég þess að útsvar mitt verði fært niður.

Reykjavík, 24. des. 1904.

Virðingarfyllst.

Einar Björnsson
Ráðagerði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26.

Hr. Einar Björnsson
í Ráðagerði við ~~[illegible]~~ Framnesveg.
í Rvík.

Afgr. 9/1 1905.

Kæra yðar í bréfi, dags. 24. f. m., yfir útsvari því, er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1905, var lögð fyrir nefndina á fundi hennar 3. þ. m.

Nefndin getur með engu móti verið yður samdóma um, að nokkur orsök sé til, að þér séuð óánægður með það útsvar (12 Kr.), er á yður var lagt, og er ýmsum nefndarmönnum vel kunnugt um hagi yðar og þess manns, er þér berið yður saman við; telja þeir yður að minsta kosti jafngildan honum í alla staði, þegar á alt er litið. Fann nefndin því enga ástæðu til að lækka gjaldið og úrskurðaði, að það skyldi standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 28 december 1904 Medt. 30/12.

27. Lækkað um 4 kr.

Jeg undirrituð, sem hefi verið búsett hjer í bænum síðan 17 október þ. á.: leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að hún lækki útsvar mitt, sem er 8 krónur, um helming, það er að segja ofan í 4 krónur. Þessari beiðni minni til skýringar leyfi jeg mjer að setja fram nokkrar ástæður fyrir því:

1° að tekjur mínar eru óvissar, og atvinna mín stopul, og getur því að eins talizt styrkur, enn ekki neinn megin tekjugrein

2° að eg hefi verið svo stuttan tíma búsett í bænum sem atvinnurekandi

3° að aðrir, sem að allra vitorði, hafa stórar tekjur, eru settir í lágt útsvar í samanburði við mig, og skal jeg til dæmis nefna Þórunni Björnsdóttir yfirsetukonu, sem að eins er sett í 8 kr útsvar, enn hlýtur þó af atvinnu sinni að hafa miklu meiri tekjur enn jeg af minni.

Eftir að nefndin hefir sjeð þessar ástæður mínar, vona jeg, að henni skiljist að útsvar það sem á mig er lagt sje í alla staði ósanngjarnt, og að hún

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

taki vel í beiðni mína

Virðingarfylst

Karolina Þorkelsson

Til

niðurjöfnunar nefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27.

Frú Karólína Þorkelsson.

Njn. 9/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 28. f.m., kvartað um, að útsvar það (8 kr.), er niðurjöfnunarnefndin hafði lagt á yður um árið 1905, væri of hátt, og beiðst þess, að útsvarið væri lækkað af þeim ástæðum, er þér greinið.

Nefndin athugaði á fundi 3. þ.m. alla málavöxtu og félst á, að útsvarið muni vera of hátt sett, þar sem þér eruð nýtekin til starfa við lækningar yðar og því sem framlýðingur hér að flestu leyti. Úrskurðaði nefndin því að lækka gjaldið um helming, niður í 4 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mdt. 30/12. Lagt á 8 kr. útsvar.

28.

Reykjavík, Vesturgötu 28.
27. des. 1904.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst, að beiðast þess, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur mætti þóknast að leggja á mig aukaútsvar til bæjarsjóðs hjer, með því að það hefir farist fyrir við síðustu niðurjöfnun, svo jeg geti notið þeirra rjettinda er mjer bera sem einum borgara þessa bæjar. Vænti jeg jafnframt að það verði framkvæmt sem samnsýnilegast.

Virðingarfyllst
Jón Sigurðsson
(bæjarfógetaskrifari)

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28.

Hr. bæjarfógetaskrifari Jón Sigurðsson.

Niðurjöfnunarnefndin hefir á fundi 3. þ. m. tekið til greina beiðni yðar um, að yður verði ~~gert lagt eitt~~ lagt hæfilegt gjald sem aukaútsvar til bæjarþarfa um árið 1905, en það hefði af vangá farist fyrir við síðustu niðurjöfnun. Nefndin kvað svo á, að gjaldið skyldi vera 8 kr.

Njn. 9/1 1905.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Medt. 3/4 1905. Lækkað um 4 kr.

29.

Þar eð hinni heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd virðist ekki hafa verið fullkunnugt um efni mín og ástæður, þann tíma sem eg hef dvalið hjer, þá vil eg leyfa mjer að gefa nokkrar upplýsingar er sýna gjaldþol mitt. Að útsvar mitt var hækkað á síðustu niðurjöfnun hefur víst verið af því að eg er talinn eigandi að hálfri húseign hjer í bænum, en sem eg á svo lítinn part í að eg naumast get búist við að geta haldið árlangt af eigin ramleik. Annars eru ástæður mínar þannig.

Jeg hef 7 manns í heimili þaraf 4 börn á aldrinum frá 1 árs til 10 ára og svo móður mína sem hefur ekki klæðst í nær 4 ár og þarf sömu hjúkrun sem börnin og hefur ekki neitt fyrir sig að leggja annað [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

auk þess hef ég fimta barn
okkar á Hjúkrunarstofnun í
Danmörku sem ég hef borgað
með 25 kr. um hvern mánuð
í full 4 ár og aungann stuðning
eða stirk fengið nema þær
150 kr. sem alþing veitti mjer
á yfirstandandi ári

Að þessu framantöldu vona
ég að hin heiðraða nefnd sjái
að það lægi nær að lækka
útsvar mitt um 4 kr. enn hækka
ég tek aunga jafnaðarmenn
því ástæðurnar sínast mæla
með sjer sjálfar

Rvík Lindargötu 34 20/12-04
Þorkell Hreinsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29.

Hr. Þorkell Sveinsson
trésmiður
Lindargötu 34.

Rvjn. 9/1 1905.

Þér hafið í bréfi, dags. 20. f. m., kvartað undan útsvari því (12 kr.), er yður var gert að greiða til bæjarþarfa árið 1905, og var bréf yðar lagt fram á fundi nefndarinnar 3. þ. m.

Sökum afarmikillar ómegðar, er á yður hvílir og þér hafið skýrt og skilmerkilega lýst í bréfinu, þá vildi nefndin sýna yður svo mikla tilhliðrun sem auðið er og úrskurðaði að lækka útsvar yðar um 4 kr., úr 12 kr. í 8 kr.

Þessi úrslit birtist og yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30. Hækkað um 80 kr.

Samkvæmt ósk herra adjunkts Páls Pálssonar skal jeg hjer með leyfa mjer að skýra hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar frá því að tekjur mínar hafa verið árið 1904 þessar:

Við Iðnskólann ca. 310 kr.
Fyrir rannsókn á byggingarefnum ca. 2400 –

— - —

Enn fremur skal jeg leyfa mjer að geta þess, að skuldir mínar (frá námsárunum) eru nú 1700 kr.

Reykjavík, 27. des. 1904
Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30.

Hr. verkfr. Jón Þorláksson.

Rvík. 6/1 1905.

Með bréfi þessu vil eg fyrir hönd niðurjöfnunarnefndarinnar birta yður, að nefndin hefir á fundi 3. þ. m. hækkað útsvar yðar um 80 kr. (upp í 100 kr.) eftir kröfu ýmissa gjaldanda og með tilliti til þeirra upplýsinga um hagi yðra, er þér hafið góðfúslega látið nefndinni í té með bréfi dags. 27. f. m. Væntir nefndin, að það gjald muni verða talið sanngjarnt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31.

Hr. úrsmiður Halldór Sigurðsson
(hjá Guðj. Sigurðssyni)

Rjv. 9/1 1905.

Með bréfi þessu leyfi eg mér að tilkynna yður, að niðurjöfnunarnefndin hefir eftir kröfu, er fram kom á fundi nefndarinnar 3. þ. m., lagt á yður 15 kr. aukaútsvar til bæjarþarfa árið 1905.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

32.

Hr. Kristján Jónasson
Laugavegi 66.

Njr. 9/1 1905.

Með bréfi þessu leyfi ég mér að tilkynna yður, að niðurjöfnunarnefndin hefir eftir kröfu, er fram kom á fundi nefndarinnar 3. þ. m., lagt á yður 12 kr. ~~útsvar~~ aukaútsvar til bæjarþarfa árið 1905.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

33/.

Hr. Árni söðlasmiður Árnason

Ketilsskála

Rjn. 9/1 1905.

Með bréfi þessu leyfi eg mér að tilkynna yður, að niðurjöfnunarnefndin hefir, eftir það er hún varð þess vís, að þér voruð alkominn hingað til bæjarins, á fundi 3. þ. m. lagt á yður 12 kr. aukaútsvar til bæjarþarfa árið 1905

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

34.

Forstöðukona Hólmfríður Gísladóttir.

Á síðustu niðurjöfnunarskrá hefir útsvarsupphæð yðar af vangá misritast og ~~þannig~~ verið sett 15 kr., í stað þess að ætlast var til, að útsvarið stæði óbreytt hið sama sem í fyrra, 8 kr.

Bæjargjaldkeranum verður gerð vísbending um þetta.

Njn. 9/1 1905.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af því að jeg þykist geta gjört ráð fyrir, að hinni háttvirtu niðurjöfnunarnefnd sje ekki fullkunnugt um ástæður mínar, síðan jeg var leystur frá embætti, vil jeg leyfa mjer að láta henni í tje skýrslu þá um þær, sem hjer fer á eptir:

Biðlaun mín eru árlega í 5 ár kr. 6222,22.

Skyldugjöld þau, sem á mjer hvíla, eru þessi:

| | | |
|---|---|---|
| Ekkjuframfærslugjald | kr. 867,07. | |
| Gjöld til landsjóðs | – 241,75. | |
| Gjöld til kaupstaðarins | – 315,00 | |
| Gjöld til prests og kirkju | – 50,00 | |
| Rentur af skuldum | – 540,00 | |
| Brunabótagjöld | – 110,08 | |
| Gjöld til dannebrogsorðusjóðs | – 40,00 | – 2163,90. |

Hinni háttvirtu nefnd mun vera það kunnugt, að jeg hef 7 börn fram að færa, eins og líka hitt, að fullorðnar dætur embættismanns í minni stöðu eru miklu þyngri ómagar en börn innan fermingar; enda hef jeg orðið að kosta mörgum þúsundum króna til menningar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 elztu dætrum mínum erlendis.

Reykjavík 20. október 1904.

Virðingarfyllst

Magnús Stephensen.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifaður vildi hérmeð leyfa mér, að mælast til þess við hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur að ekki yrði lagt á mig jafn-hátt útsvar, og að undanförnu, vegna þess að eg er gamall maður, eignalítill, og hefi litla atvinnu. Hefi sem sé, ekki þol til að ganga í hverskonar erviða vinnu.

Með virðingu
Gísli Magnússon
Lindargötu No 9
Reykjavík

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 23. d. júní mán. 1905

Til leiðbeiningar viðaukaniðurjöfnun á útsvörum til bæjarsjóðs sem nú á fram að fara, vil jeg hjermeð tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að menn þeir, er taldir eru hjer á eptir, hafa fengið atvinnuleyfi í kaupstaðnum síðan 29. október f. á.

I. Borgarabrjef

Gísli Helgason, verzlunarmaður
Jóhann Hallgrímsson, Laugaveg 61
Pjetur Jónsson blikksmiður
Lúðvíg Lárusson verzlunarmaður
Carl Bjarnasen, verzlunarmaður
Björn Símonarson, gullsmiður
Þorsteinn Þorsteinsson, skipstjóri
Guðm. Böðvarsson, f. spítalaráðsm.
Halldór Kjartansson Reykjavík
Theodór Árni Mathiesen — „ —
Hallgrímur J. Austmann, verzlunarm.
Adam Gordon Þorgrímsson Rvík
Carl Lárus Möller, verzlunarm.
Svanborg Jónsdóttir Rvík
Gunnþórunn Halldórsdóttir — „ —
Ólafur Eiríksson söðlasmiður
Marteinn Haldórsen snikkari
Sigurjón Ólafsson, — „ —

II. Skipstjóraskýrteini

Ingimundur Jónsson
Samúel Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gísli Gíslason
Benidikt Jónsson (frá Bíldudal)
Þorsteinn Ólafsson
Bergþór Eyjólfsson
Ingvar Benidiktsson
Jón Magnússon
Ólafur Teitsson
Páll Halldórsson

III. Lausamennsku

Jón Benjamínsson, Lindargötu 8
Filippus Brynjólfsson, Skólavörðustíg 31
Guðný Gísladóttir Bergstaðastíg 38
Páll Þorvaldsson, Laugaveg 65.
Þóra Gísladóttir, Bræðraborgarstíg 10
Sigurður Ólafs~~dóttir~~son, Aðalstræti 9
Jónas Þorsteinsson, Klapparstíg 10
Steinunn Helga Jónsdóttir
× Pjetur Þorvarðarson, Hverfisgötu 48.
× Jón Vigfússon, Miðseli
+ Þorsteinn Guðmundsson, Aðalstræti 10
+ Málfríður Þorkelsdóttir, Vesturgötu 55.
+ Margrét Guðbrandsdóttir, Kaplaskj. vegi 25
+ Magnús Ingvarsson, Vesturg. 12
+ Guðlína Guðrún Þorsteinsdóttir, Grettisg. 32
+ Kristín Guðmundsdóttir, Suðurg. 10.
+ Ólöf Jónsdóttir, Laugaveg 66
+ Guðrún Benidiktsdóttir, Þstr. 11.
+ Guðríður Guðmundsdóttir Bergstr. 11
Helgi Árnason frá „Iðunni“
+ Margrjet Einarsdóttir Bakka
+ Pálína Helgadóttir Barónsstíg 16
+ Ólafur Einarsson, Bjarnaborg
+ Margrjet Vigfúsdóttir Bræðrab. stíg 19. (Miðdal)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## IV. Húsmennskuleyfi

+ Jón Jónsson frá Seyðisfirði Bergstr. 45. ~~Laugav. 72~~ Vitast. 14 ?
+ Jóhanna Petrea ~~Magnúsd~~ Hallgrímsdóttir, Rvík ~~L. 72~~ ?
— Björn Gíslason frá Nesi í Loðmundarfirði
— Guðm. Kristjánsson, Bergststr. 7
+ Páll Pálsson frá Fífuhvammi (frá fard.)
+ Þorvaldur Arnason Skálanesi Akranesshr.
+ Jón Ólafsson, Sjónarhól, Vatnsl. str.
+ Gísli Gíslason frá Tröð á Alptanesi
— Guðni Guðnason, lausam. Bakkastíg 3
+ Stefán Jónsson, Bárðarsóðum, Hafnfirði
+ Sigurður Jónsson, Pjetursey Mýrdal
+ Bjarni Jónsson, Víðinesi á Kjalarnesi
+ Guðm. Guðmundssyni Varhúsum Alftanesi
+ Þórði Sigurðssyni Brekku Kjalarnesi
+ Sigurði Þórðarsyni, Rafnkelsst. Hraunhr.
+ Sigurjón Jónsson frá Bíldudal
+ Helgi Guðmundsson, Grettisg. frá Krossum.
+ Guðm. H. Jakobsson frá ~~[illegible]~~ Akurey. "
+ Guðm. Þorbjörnsson, Háteig Akranesi "
+ Magnús Magnússon, Litlal. Ölfusi "
+ Gísli Halldórsson, Holti á Kjalarnesi "
+ Guðm. Sigurðsson, Akrakoti Alftanesi "
+ Guðm. Arnasyni, Tvarshúsum Garði "
+ ~~Bjarni~~ Bjarna Guðmundssyni úr Holtam. hr. "
+ Guðm. Guðmundssyni Elliðakoti "
+ Aðalsteinn Jónsson frá Odda "
+ Sigurður Einarsson, reglubodi Eyrarb. frá öleg
+ Kjartan Ólafsson Hverfisgötu "
+ Kristján Bjarnason, bátasmið Lindarg 1. "
+ Sigríður Þórðardóttir ekkja, Skardsk. Bfjr. "

## V. Sveinsbrjef

1. Guðmundur Jónsson járnsm. } hjá Þorst. Jónssyni ~~tort~~ hjá Sigurði Jónssyni
2. Hallgrímur Guðmundsson }

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Halldór Halldórsson    verkstj. hjá Vilhj. Kr. Jakobssyni
4. Eyjólfur Jónsson
5. Kristján Jóhannesson } — „ — M. A. Mathiesen
6. Guðjón Jónsson
7. Einar Gíslason } hjá Sigurði Sigurðssyni
8. Stefán Guðmundsson, hjá Eyvindi Árnasyni
9. Jónas Sveinsson, hjá Sveini Jónssyni
10. Grímur Kristinn Árnason. Guðlaugi Torfasyni
11. Páll Lárusson, hjá Guðm. Jakobssyni

Umsóknarbréf um húsmennskuleyfi fylgja hjermeð, en óskast endursend að aflokinni notkun þeirra. —

Hannes Daníelsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 3. d. júní mán. 1905.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar sendi jeg til að fá álit niðurjöfnunarnefndarinnar um 2 erindi, er fylgja brjefi þessu, ~~og~~ þar sem farið er fram á eftirgjöf og undanþágu frá aukaútsvörum, sem búendurnir eiga að greiða þ. á.

Með svarinu óskast fylgiskjölin endursend.–

Halldór Daníelsson

Til
Formanns niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðm. Halld. hefir fasta vinnu og fast kaup og dóttir á verkstæði. Synjað.

Sigr. Davíðsd.: Samkv. bréfinu virðist eiga fella burt síðari hluta gjaldsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi eg mér að kveðja heiðraða niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur á fund á venjulegum stað mánadaginn 10. þ. m. kl. 4 síðd. til þess að leggja aukaútsvar á þá menn, er til bæjarins hafa flutst síðan í haust, o. s. frv.

Reykjavík 9. júlídag 1905.

Pálmi Pálsson.

Ásgeir Sigurðsson
Gísli Jónsson í Nýlendu séð
Guðm. Guðmundarson skrifað
Jónas Jónasson í Steinsholti skrifað.
Matth. A. Matthiesen Sjeð
Ólafur Ólafsson Sjeð.
Sigvaldi Bjarnason skrifað
Þorsteinn Þorsteinsson skrifað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans.

Rvík. 12. júlí. 1905.

Hér með sendi eg yður, herra bæjarfógeti, skrá yfir aukaniðurjöfnun útsvara til bæjarþarfa, þá er niðurjöfnunarnefnd gerði á fundi 10. þ. m. og eru þessi nýju útsvör samtals 573 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Þorsteinn Ólafsson skipstjóri | 8 |
| Þóra Gísladóttir lk. Breiðabólsst. 10 | 3 |
| Þorsteinn Guðmundsson lm. Aðalstr. 10 - - | 8 |
| Þórður Sigurðsson hm. frá Brekku, Kjalarnesi . | 8 |
| Þorvaldur Árnason hm. frá Skálanesi Hraunhr. | 6 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarfógetans.

Rvk. 13. júlí 1905.

Þér hafið, hr. bæjarfógeti, sent niðurjöfnunarn. með bréfi dgs. 3. þ. m., erindi frá tveim gjaldendum bæjarins, þar sem þeir bera sig upp undan útsvari því, er njn. lagði á þá í fyrra, og beiðist þess, að nefndin láti uppi skoðun sína um þessi erindi.

1. Guðm. Halldórsson fer fram á, að 8 kr. gjald hans, er í fyrsta sinn var lagt á hann í fyrra síðan hann kom til bæjarins, verði látið niður falla og lýsir í því skyni efnahag sínum og heilsuástandi miklu ver en ástæða virðist til. ~~Að segja~~ Það mun að vísu satt, ~~var~~ að ~~[illegible]~~ hann kom hingað fátækur 1899 og var hér fyrsta árið hjá syni sínum, er ári síðar strauk til Ameríku og var fyrir því ekki lagt á hann þau árin og í ágústm. 1903 slasaðist hann, svo að hann var frá vinnu það sem eftir var ársins, en í fyrra vor snemma (1904) tók hann aftur til vinnu og hefir alla tíð síðan haft góða atvinnu og vissa hjá Birni kaupm. Guðmundssyni, sem auk þess endurgalt honum allan legukostnað hans. Kona hans er heilsugóð og gengur til allrar vinnu og dóttir hans hefir nú um hríð haft góða atvinnu við ~~saumana~~. [illegible] hans mun því teljast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjög góðar og leggur nefndin eindregið
móti því, að gjald hans verði lækkað
eða fellt burt, þar sem miklu fremur
en líkur til að það verði hækkað við
næstu niðurjöfnun.

2. Sigríður Davíðsdóttir ljósmóðir
skýrir frá því, að hún hafi í vor farið
í vist til Jósefssystra í Landakoti og
vill því skjóta sér undan að greiða þá lokur,
er á hana voru lagðar í fyrra. Nefndinni
virðist ekki efamál, að
henni sé skylt og að
hún verði að
greiða þann helming gjaldsins, er fell
í gjalddaga 2. jan. þ. á., en leggur til
að hún verði undanþegin að greiða
síðari helming þess.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 18 d. nóvbr. mán. 1905.

Útaf medfylgjandi erindi frá Magnúsi Jónssyni um niðurfærslu á auka-útsvari, vil jeg hjermeð í umboði bæjarstjórnarinnar beiðast álitskinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar og mælast til að fá fylgiskjölin endursend með svarinu. –

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
Revík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Njn. 23. nóv. 1905.

Bréfinu svarað svo, að nefndin mæli með því, að beiðandinn fái þá tilslökun, er hann fram á.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 27. d. Oktbr mán. 1905

Í umboði bæjarstjórnarinnar leyfi jeg mjer að beiðast umsagnar hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar um
/. meðfylgjandi erindi frá Jóni Magnússyni þess efnis að aukaútsvar h. á. til bæjarsjóðs verði fellt niður. —

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Rvík.

28. ág. 1905.

Niðurjöfnunarnefndin hefir
á fundi í dag kveðið svo á, að
útsvar það (6 kr.) til bæjarþarfa skuli
niður falla, er nefndin hafði í
sumar lagt á Sigurð reglubóða
Eiríksson frá Eyrarbakka, með
því að skýrt hefir verið frá því
í kæru fyrir hans hönd, að hann
hafi eigi í hyggju að flytjast
hingað búferlum fyrr en um
eða eftir veturnætur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Rvík.

Njn. 1. nóv. 1905.

⁊ með því að hann sé vinnumaður hjá systur sinni,

Þér hafið, herra bæjarfógeti, með bréfi dags. 27. f.m. sent njn. erindi frá Jóni Magnússyni um uppgjöf á aukaútsvari hans ⁊ og æskið að fá umsögn nefndarinnar um það.

Nefndinni er það kunnugt um hagi þessa manns, að hún veit, að hann er efnilegur og atorkusamur maður og var þetta ár skipstjóri á skipi, er fengið hefir mjög góðan afla, og hlýtur því að standa sýnu betur að vígi til að bera lítilsháttar gjald til bæjarþarfa en venjulegir vinnumenn, enda hefir ekkert útsvar enn verið lagt á systur hans, því að réttara þótti að láta hann, sem er forstjóri bús hennar, eiga kost á að neyta þeirra borgaralegu réttinda, er bundin eru við greiðslu slíks gjalds. En með því að nefndin þóttist vita, að hann mundi leggja talsvert af mörkum af sínu við systur sína og ómegð hennar, þá hafði hún útsvarið svo lágt sem 8 kr. en ~~hátt~~ síðara

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

helming þessa árs, ella hefði það orðið þó nokkuð hærra.

Að svo vöxnu máli sér nefndin enga ástæðu til að láta gjald þetta niður falla.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég leyfi mér hér með að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að hún felli niður útsvar það, 6 kr., er hún hefir lagt á Sigurður reglubróðir Eiríksson.
Ástæðan til þessarar kröfu minnar er sú, að hr. Sig. Eiríksson sjálfur kemur hingað til bæjarins í fyrsta lagi seint í október n. k. og kona hans flytur þá hingað. Þau verða þá á næstk. ári búin að vera hér 2–3 mán. í stað 4 sem er skemst[i]. tími er þarf að dvelja á sama stað svo að skyldugt sé að greiða útsvar.
Ég vil ennfremur taka það fram, að 12 kr. árs útsvar á hr. Sig. Eiríksson er að mínum dómi fullhátt þar sem hann hefir aðeins 1000 kr. árslaun, en verður sjálfur að kosta ferðir sínar. Þær verða honum kannske ódýrar.
Ég vona að hin háttv. nefnd sannfærist um að þessi krafa mín er á rökum byggð og felli niður útsvar Sig. Eiríkssonar 6 kr, en til að bæta um hallann legg ég hér með lista yfir nokkra af þeim mönnum er nefndin virðist hafa gleymt ~~ó~~

Reykjavík 8 apríl 1905
Virðingarfyllst
[signature illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík

4/1 1905.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, sent niðurjöfnunarnefndinni með bréfi, dags. 16. f. m., tvö erindi, annað frá Jóni Sigurðssyni járnsmið um aukaútsvar hans haustið 1903 og hitt frá Árna Árnasyni söðlasmið um útsvar hans 1904.

Jón Sigurðsson ~~nefnir~~ ber þá eina ástæðu fyrir sig til að færast undan gjaldi því, sem á hann var lagt vorið 1903, að hann hafi eigi verið hér í bænum frá þeim tíma til miðs nóvembermán. s. á., en nefnir alls eigi, að hann hafi átt lögheimili annarsstaðar eða goldið til sveitar annarsstaðar þann tíma, enda mun tæplega þurfa ráð fyrir því að gera að svo hafi verið, þótt hann í upphafi hafi haft í huga að flytjast héðan alfarinn. Hitt er altítt, að iðnaðarmenn leiti sér á vorin atvinnu utan bæjar og hverfi ~~aftur~~ svo hingað aftur á haustin; leysir sú ráðabreytni þá engan veginn undan gjaldi til bæjarþarfa. Nefndin sér því að svo vöxnu máli enga ástæðu til, að sá maður, sem hér er um að ræða, verði leystur undan því gjaldi, er löglega var á hann lagt.

Árni Árnason hefir samkvæmt vottorði því, er hann sendi með erindi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sinn, alls eigi átt heimili hér í bæ fyrri helming ársins 1904 og verður því gjald það, 12 kr., er á hann var lagt það ár að falla burt. Í þess stað hefir nefndin, með því að hann er nú og verður framvegis heimilisfastur hér í bænum, tekið hann aftur á skrá með 12 kr. aukaútsvari um árið 1905.

Fylgiskjölin endursendum vér hér með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK**

Reykjavík 4. d. Ágúst 1905.

Með því að bæjarstjórnin hefur í gær eptir beiðni Gísla Jónssonar niðurjöfnunarnefndarmanni, veitt honum lausn úr þeirri nefnd sakir vanheilsu hans, vil jeg hjer-með samkvæmt 20. gr. sbr. 10. gr. tilskipunar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 20. apríl 1872, beiðast álits hinnar heiðruðu nefndar um það, hvort nú þegar verði að kjósa mann í nefndina í stað Gísla Jónssonar, eða hvort því megi fresta þangað til næstu almennar kosningar fara fram.

Halldór Daníelsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarfógetans.

Rvík 8. ág. 1905.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, í bréfi, dags. 4. þ. m., leitað álits niðurjöfnunarnefndarinnar um það, hvort nú þegar verði að kjósa mann í nefndina í stað Gísla Jónssonar, er bæjarstjórnin hefir veitt lausn úr nefndinni sakir vanheilsu hans, eða hvort því megi fresta þangað til næstu almennar kosningar fara fram.

Gísli Jónsson var kosinn í nefndina fyrir 3 árum og átti því eftir að sitja í nefndinni önnur 3 ár. Virðist nefndarmönnum óhæfilega langur tími að láta sæti hans autt og óskipað í 3 ár, enda megi það valda óánægju meðal gjaldenda, ef eitthvað kæmi út af að bera, að nefndin sé eigi fullskipuð um svo langan tíma, með því að verkefni nefndarinnar og vandi vex með ári hverju eftir því sem fólkið fjölgar í bænum.

Fyrir því leggur nefndin til, að kosinn verði maður í hans stað, áður næsta niðurjöfnun á fram að fara, ~~auk~~ þess skal og hér getið, að ~~kosningar eigi~~ hinn hærri gjaldenda flokkur bæjarmanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skal innan skamms kjósa menn í nefnd-
ina í stað þeirra, er á þessu hausti
eiga frá að fara að lögum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 3. d. ma[illegible] mán. 1905

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar mælist jeg til að þjer, herra adjunkt, sem formaður niðurjöfnunarnefndarinnar látið í tje og sendið hingað álit yðar og nefndarinnar, ef því verður viðkomið, um erindi frá Sigurði Halldórssyni í Grettisgötu

f. 34 er fylgir brjefi þessu, þar sem hann fer fram á að aukaútsvar hans 1905 verði látið niðurfalla.

Með svarinu bið jeg mjer fylgiskjalið endursent.—

Halldór Daníelsson

Til
Formanns niðurjöfnunarnefndarinnar
Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Rvík.

Njn. 13. marz 1905.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, með bréfi, dags. 3. þ.m., sent niðurjöfnunarnefndinni ~~beiðni frá~~ bónarbréf Sigurðar Halldórssonar í Grettisgötu 34 um að mega losna við að greiða það útsvar, 16 kr., er á hann var lagt í haust.

Með því að nefndinni var í haust, þá er álagningin fór fram, ókunnugt um þá breyting, er hann kveður gjört hafa á högum sínum í vor er var, er hann fór að öllu leyti til sonar sins og hefir verið á hans vegum síðan, og með því að nefndin enn fremur hefir ~~tekið þenna son hans~~ á aukafundi 3. jan. þ. á. tekið þenna son hans á skrá með 15 króna útsvari, þá hyggur nefndin ~~rétt~~ óhjákvæmilegt að láta útsvar Sigurðar falla niður með öllu, enda þótt ~~útsvar~~ gjöld þeirra feðga ~~með því móti verði og~~ til bæjarþarfa verði með því móti of lág ~~[illegible]~~ þetta ~~tímans~~ árið. ~~þar sem ekki mun auðið að hækka útsvar Halldórs að sinni~~.

Halldórs

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 16. d. desember mán. 1904.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar vil jeg hjermeð beiðast álits hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar um /. tvö meðlögð erindi, annað frá Jóni Sigurðssyni járnsmið um aukaútsvar hans 1903 og hitt frá Árna Árnasyni um útsvar hans þ. á. –

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

(in duplo)

Rvík. 30. nóv. 1904.

Með bréfi þessu sendum vér yður, herra bæjarfógeti, skrá yfir ~~auka~~ niðurjöfnun aukaútsvara ~~um árið 1905~~, þeirra er niðurjöfnunarnefndin hefir gert ~~bæjarmönnum~~ gjaldþegnum að greiða til bæjarþarfa í Reykjavíkur kaupstað um árið 1905. Hin niðurjafnaða upphæð er, ~~kr. [illegible]~~ með lögboðnu viðbótargjaldi, nú rúmlega 9%, alls kr. 48,077.

Svo sem yður er kunnugt er skráin nú prentuð í heilu lagi og ætlumst vér til, að annað eintakið verði lagt fram fyrir almenning, en um hitt fer sem yður sýnist. Bæði eintökin eru undirskrifuð af nefndarmönnunum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 24. d. júní mán. 1904.

Til leiðbeiningar við aukaniðurjöfnun á útsvörum til bæjarsjóðs, sem nú á fram að fara, vil jeg hjermeð tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að menn þeir er taldir eru hjer á eptir hafa fengið atvinnuleyfi í Kaupstaðnum síðan 29. október f. á.

I. Borgarabrjef:

1. Ari Antonsson, Lindargötu 9., Kaupm.
2. Þorsteinn Sigurðsson, söðlasmiður — „ —
3. Kristjana Thorsteinsson — „ —
4. Jens S. Lange, málari — „ —
5. Guðmundur Felixsson — „ —
6. Guðmundur Hannesson — „ —
7. Halldór Jónsson frá Álafossi — „ —
8. Jónatan Þorsteinsson — „ —
9. Guðmundur Gamalíelsson — „ —
10. Jakob Jónsson Lambertsen — „ —
11. Guðmundur Oddgeirsson — „ —
12. Kristín Sigurðardóttir — „ —
13. Filippus Ámundason — „ —
14. Ámundur Gestsson — „ —
15. Sigfús Sveinbjarnarson — „ —
16. Jóhann Ármann Jónasson — „ —
17. Richard N. Braun — „ —
18. Benedikt H. Sigmundsson — „ —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Guðmundur Guðmundsson kaupm.

## II. Skipstjórnskýrteini:

1. Magnús Þorvaldur Jónasson skipstjóri
2. Sigurgeir Sigurðsson — " —
3. Þórarinn Bjarnason — " —
4. Guðmundur Guðnason — " —
5. Kristján Karl Magnússon — " —
6. Kristinn Ágúst Jónsson — " —
7. Ágúst Einarsson — " —

## III. Sveinsbrjef:

1. Vigfús Jónsson Trjesmiður
2. Halldór Sigurðsson — " —
3. Einar Pjetursson — " —
4. Árni Jósefsson — " —

## IV. Lausamennskuleyfi:

1. Sigurður Guðmundsson, Grettisgötu 34.
2. Sigríður Þorsteinsdóttir, frá Brandagili
3. Ásta ~~Pálsdóttir~~ Nikulásdóttir (hjá Jóni Pálssyni organista)
4. Ragnh. Steindórsdóttir (hjá Jóni kaupm. Magnússyni)
5. Jón Jónsson Bræðraborgarstíg 27.
6. — " — Jóhannsson hjá Katli Bjarnasyni
7. Guðbjörg Brynjúlfsdóttir, Aðalstræti 18.
8. Þorlákur Vigfússon Reykdal (hjá D. Østlund)
9. Margrjet Einarsdóttir, Grettisgötu 57.
10. Jóhann Friðriksson, Smiðjustíg 6.
11. Guðlaugur Jónsson, Steinsholti, Framnesv
12. Anna Ág. Oddsdóttir, Laugaveg 65.
13. Pálína Margr. Jónsdóttir, Hverfisgötu 21.
14. Guðrún Sveinsdóttir, hjá E. [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Sigríður Guðmundsd. á Ánanaustum
16. Stefán Stefánsson (hjá Þorgr. Jónssyni söðlasm.)
17. Ragnhildur Bjarnadóttir (hjá Þorláki Oddssyni)
18. Þórlaug Jónsdóttir (hjá Guðm. Jakobssyni)
19. Ingibjörg Magnúsdóttir (hjá J. Sigmundssyni, Vesturg. 40.)
20. Sigríður Magnúsdóttir, Bráðræðisstíg 3.
21. Guðrún Þorkelsd. (hjá J. Gíslasyni Skólav.stíg 4.)
22. Böðvar Jónsson (hjá D. Østlund)
23. Oddrún Elín Jónsdóttir, Vatnsstíg 8.
24. Helga Markúsdóttir, Ánanaustum
25. Björn S. Jónsson (hjá Þorl. Jónssyni Hverfisgötu 17.)
26. Maren Pálsdóttir (hjá Guðmundi Felixsyni)
27. Guðrún Bjarnadóttir (hjá Jónasi Jónassyni)
29. Rannveig Jónsdóttir, Vesturgötu 5–6.
30. Katrín Þórðardóttir (hjá Markúsi Þorsteinssyni)
31. Sigríður Valdadóttir (hjá Jörgen Þórðarsyni)
32. Egill Magnússon (hjá Eiríki Filippussyni Laugaveg 73.)
33. Benjamín Einarsson (hjá Jóni Oddssyni Bráðræðisstíg 17.)
34. Andrés Pálsson (hjá Ingv. Pálssyni Laugaveg 5.)

V. Húsmennskuleyfi:

+ 1. Guðvarður Vigfússon, Lindargötu 40.
+ 2. Sveinn Jónsson
+ 3. Guðleif Erlendsdóttir
+ 4. Jón Hermannsson
+ 5. Gunnhildur Árnadóttir
+ 6. Árni Sighvatsson
+ 7. Guðjón Guðmundsson
+ 8. Ólafur Ólafsson
+ 9. Sigfús Jónsson, Laugaveg 75.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Þorsteinn Helgi Sigurðsson, frá Reykjum í Grímsnesi.
11. Bjarni Jónsson frá Seyðisfirði.
12. Hallgrímur Hansson frá Bakkakoti á Kjalarnesi.
13. Páll Magnússon frá Reynivöllum í Kjós.
14. Erlendur Jónsson, frá Skaptholti í Seltjarnarnesi.
15. Bjarnhjeðinn Þorsteinsson, Reykjavík
16. Magnús Jónsson, Hákoti í Álptanesi.
17. ~~Stefán Stefánsson, frá Hrísvík~~ Jens Jörgen Jensson
18. Eyvör Magnúsdóttir, frá Gröf
19. Ingimundur Sveinsson frá Eyrarbakka
20. Ólafur Bjarnason, frá Varmá
21. Bjarni Guðmundsson, frá Vetleifsholti
22. Jónas Helgason, frá Brautarholti
23. Gíslína Kristjánsdóttir, Klapparstíg 10.
24. Sigríður Pjetursdóttir, — " — 10. Bréf vantar
25. Erlendur Helgason, Laugaveg 69.
26. Sigbjörn Sigurðsson — " — 17.
27. Þórður Jóhann Jónsson, Hverfisgötu
28. Ólafur Gunnlaugsson, frá Ártúnum
29. Jón Halldórsson, Garðbæ, Eyrarbakka
30. Bjarni Hannesson frá Bakkakoti, Grettisgötu 57.
31. Elís Pjetursson frá Garðhúsum í Vogum.

1. Umsóknarbrjefin um húsmennskuleyfi fylgja hjermeð, en óskast endursend að afloknum notkun þeirra.

Halldór Daníelsson.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 29. d. Október mán. 1904

Samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld Reykjavíkur fyrir árið 1905 ber að jafna aukaútsvörum á bæjarbúa það ár að upphæð Kr. 43.998,65 a að viðbættum 5% - 10% einsog venjulegt er.

Jafnframt því að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd þetta, fylgir hjer á eptir til afnota og leiðbeiningar við niðurjöfnunina, skrá yfir þá menn er fengið hafa atvinnu- og aðseturslegfi í bænum síðan síðasta niðurjöfnun fór fram, svo og umsóknarbrjef þeirra manna, er tómthúsmennsku leyfi hafa fengið með fylgiskjölum, og bið jeg mjer þau endursend þegar niðurjöfnunarnefndin hefur notað þau.

I. Borgarabrjef

1. Magnús Ólafsson, myndasmiður
2. Sigurjón Jónsson, laugaveg 22.
3. Gísli Jónsson, verslunarmaður
4. Pjetur Þórðarson, skipstjóri
5. Þorvaldur Jóhannsson, skósmiðr frá Stk.
6. Björn Rosenkranz, verslunarmaður
7. Halldór M. Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Stefán Runólfsson prentari

II. Skipstjóraskýrteini:

1. Ólafur Gíslason
2. Þórður Gíslason
3. Finnbogi Finnbogason

III. Lausamennskuleyfi:

1. Rannveig Gísladóttir, Smiðjunni
2. Guðm. Ásg. Guðmundsson, nú á Einholti
3. Guðm. Guðmundsson, Hverfisgötu 48

IV Húsmennskuleyfi:

×1. Kristjana Elíasdóttir, ekkja Ísafirði
×2. Stefán Jónsson, Galtarholti í Borgarhreppi .
×3. Jón Oddur Jónsson —„— —„— .
×4. Karitas Þorsteinsdóttir úr Meðallandi .
×5. Þórður Gíslason frá Fellsöxl í Skilmannahr. .
×6. Jóhannes Jónsson frá Grund í Skorradal .
×7. Jón Benidiktsson frá Unhól í Stokkseyrarhverfi .
×8 Ingimundur Einarsson frá Kröggólfsstöðum .
×9. Guðni Teitsson frá Hlöðunesi .
×10. Halldór Steinþórsson frá Arnarhóli í Gaulverjabæjarhr. .
×11. Jón Jónsson úr Fljótshlíð .
×12. Jón Bjarnason frá Fögrueyri í Fáskrúðsfirði .
×13. Ólafur Theodórsson frá Borðeyri .
×14. Jósafat Sigurðsson frá Straumfirði .
×15. Árni Þorvarðsson frá Norðfirði suður Múlas. .
×16. Guðlaugur Ingimundarson, Nesi í Seltjarnarneshr. .
×17. Brandur Jónsson, Lindargötu 8 .
×18. Magnús Þórarinsson Löndum á Miðnesi .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 19. Hafliði Jónsson frá Klöpp Rvík .
× 20. Séra Jósef Thorarensen frá Stórholti Dalasýslu .
× 21 Einar Jónsson frá Vilborgarkoti Mosf.sv. –
× 22. Ásbjörn Eyjólfsson frá Lagafelli .
× 23. Magnús Bjarnason frá Skildinganesi .
× 24. Eyjólfur Friðriksson frá Björk í Flóa .
× 25. Guðjón Jóhannsson frá Nesi –
× 26. Sigurður Sigvaldason, skólapiltur .
× 27. Magnús Jónsson frá Hellnahrauni .
× 28. Vigfús Jónsson, Hverfisgötu 17 .
× 29. Þórður Guðmundsson frá Andakíl .
× 30 Guðm. Kristjánsson frá Ásakoti í Melasveit .
× 31. Sig. Sigurðsson frá Garði í Rosmhvalaneshr. .
× 32. Halldór Halldórsson frá Klöpp á Akranesi .
× 33. Benedikt Pétursson úr Kjós .
× 34. Jón Guðmundsson frá Höfnum í Gullbr. s .
× 35. Ólafur Hróbjartsson, Hverfisgötu 31 .
× 36. Ásbjörn Sveinsson frá Sandfelli í Stokkseyrarhr. .
× 37. Guttormur Magnússon frá Seyðisfirði .
× 38. Ólöf Guðmundsdóttir af Kjalarnesi
× 39. Jón Bjarnason á Klöpp
× 40. Jón Guðmundsson, Grettisgötu 35
× 41. Þórður Þórðarson frá Eyrarbakka
× 42. Ásvaldur Magnússon frá Ísafirði
× 43. Magnús Magnússon frá Beitistöðum
× 44. Sigurbjörg Helgadóttir (Yfirsetukona). –

Halldór Daníelsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 10. d. nóvbr. mán. 1904.

Í framhaldi af brjefi hjeðan, dags. 29. f. m. tilkynnist hjermeð hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að eftirtaldir menn hafa fengið aðsetursleyfi hjer í bænum síðan, og fylgja umsóknarbréf

./. þeirra, er eg bið mér endursend, þegar niðurjöfnunarnefndin hefur notað þau.

x 1. Jón Jónsson frá Seyðisfirði, Bgstðstr. 45

x 2. Jóhanna Petrea Magnúsdóttir, Lv. 72

x 3. Björn Gíslason, frá Nesi í Loðmfirði, Lv. 27.

x 4. Guðmundur Kristjánsson, Bergstðstr. 7.

x 5. Páll Pálsson frá Fífuhvammi, frá útlendum ferðalögum. –

(1–4: frá þessum fjórum. –)

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 1. d. Nóvbr. mán. 1904

Í framhaldi af brjefi mínu, dags. 29. f. m. tilkynnist yður hjermeð að piltar þeir er tekið hafa sveinsbrjef þetta ár, eru:

1. Árni Enok Ebenezersson og
2. Bjarni Sigurðsson, báðir hjá Eyvindi smiðkara Árnasyni
3. Jóhann Sigmundsson hjá Baldur Benediktssyni
4. Eiríkur Elísson hefur lært hjá Einari Pálssyni og er hjer í bænum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Kristján Jónsson lærl. hjá
Sveini Jónssyni
6. Jón Jóhannesson hjá Har. Møller
7. Sveinbjörn Kristjánsson } báðir lærl. hjá
8 Kristján Olafsson } Samúel Jónssyni
9. Kristinn Jónsson Ánanaustum
10. Einar Jónsson, Kirkjustræti 8.
11. Oddur Jón Bjarnason, Bröttugötu 5
12. Gestur Jónsson, Reynistað í Þingholtum.

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefnd

Reykjavíkur 31. okt. 1904.

Hér með bið eg heiðraða niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur að koma á fund í bæjarþingssalnum á morgun 1. nóvember kl. 4 síðdegis til þess að byrja á störfum við álagning aukaútsvara um árið 1905.

Halldór Jónsson [?]

séð Ásgeir Sigurðsson
sjeð Gísli Jónsson í Nýjendu
Guðm. Guðmundsson
Sjeð sjeð Jónas Jónasson í Steinsholti
Matth. A. Matthiesen
Sjeð Ólafur Ólafsson
Sjeð Sigvaldi Bjarnason
sjeð Þorsteinn Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur